

# ÁRSSKÝRSLA

## 2022-2023



Ritstjórn: Perla Ösp Ásgeirsdóttir og Ragnheiður Hera Gísladóttir  
Umbrot og útlit: Ragnheiður Hera Gísladóttir  
Ábm: Sólveig Anna Jónsdóttir  
Prentun: Litla Prent ehf.  
Ljósmyndir: úr safni Eflingar nema annað komi fram

# EFNISYFIRLIT

<b>3</b>	<b>ÁVARP FORMANNS</b>
<b>6</b>	<b>INNGANGUR FRAMKVÆMDARSTJÓRA</b>
<b>10</b>	<b>TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM FÉLAGSFÓLK OG SJÓÐI</b>
<b>11</b>	<b>FRÆÐSLU- OG FÉLAGSMÁL</b>
<b>22</b>	<b>KJARAMÁL</b>
<b>24</b>	<b>ÞJÓNUSTUSVIÐ</b>
<b>29</b>	<b>GILDI LÍFEYRISSJÓÐUR 2022</b>
<b>33</b>	<b>SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR</b>
<b>49</b>	<b>SAMANDREGINN SAMSTÆÐUREIKNINGUR</b>
<b>53</b>	<b>STJÓRN OG STJÓRNIR SJÓÐA EFLINGAR- STÉTTARFÉLAGS</b>



# Ávarp formanns

## Kæru félagar.

Óhætt er að segja að margt hafi drifið á daga okkar í Eflingu á liðnu ári. Átök um stefnu og aðferðir í verkalýðsbaráttu náðu hámarki í formanns- og stjórnarkosningum snemma árs 2022. Þar fengum ég og félagar mínir á Baráttulistanum umboð félagsfólks til að stýra þessu stærsta félagi verkafólks á Íslandi og halda áfram því mikilvæga og nauðsynlega umbreytingarstarfi sem hófst með sögulegu kjöri B-listans árið 2018. Þetta umbreytingarstarf snýst um að Efling sé framúrskarandi í allri þjónustu við félagsfólk,

réttmæta eigendur félagsins, en þó fyrst og fremst um að gera Eflingu að lýðræðislegu og opnu félagi þar sem þátttaka Eflingarfólks er í fyrirrúmi. Með því getur Efling orðið að öflugustu samtökum vinnandi fólks á Íslandi og leikið lykilhlutverk í baráttunni fyrir efnahagslegu réttlæti og jöfnuði í samfélagi okkar.

Barátta okkar Eflingarfélaga snýst um stórkostlega mikilvæga hluti. Hún snýst um virðingu fyrir vinnandi fólki og viðurkenningu á grundvallarmikilvægi Eflingarfólks í allri verðmætaframleiðslu samfélagsins. Við berjumst fyrir því að verka- og láglounafólk fái raunveruleg völd í samfélaginu, þannig að efnahagsleg og pólitísk valdastétt verði að taka fullt tillit til hagsmuna og þarfa okkar.



**Sólveig Anna Jónsdóttir**  
Formaður Eflingar

Það er sannarlega langt í land en við látum það ekki draga úr okkur kjarkinn. Frá því árið 2018 hefur Eflingarfólk ítrekað tekið sér stöðu í framvarðasveit verkalýðsbaráttu okkar daga. Þrátt fyrir að vinna langa daga við andlega og líkamlega slítandi störf hefur Eflingarfólk gefið sér tíma til að taka baráttuna fyrir betri tilveru í eigin hendur. Gegn sífelld ofsafengnari andstöðu valdastéttarinnar gefst Eflingarfólk ekki upp fyrir kúgunartilburðum. Enda er það svo að þrautseigja og þor samninganefndar Eflingarfélaga og þeirra sem lögðu niður störf í hörðum verkfallsátökum við auðstétt höfuðborgarsvæðisins í vetur sem leið kveikti aðdáun stórs hóps almennings.

## Kæru félagar.

Við getum dregið mikinn lærdóm af atburðarás liðins árs. Til að mynda þann að verkföll félagsfólks náðu, þrátt fyrir einbeittan vilja valdastéttarinnar til að svo yrði ekki, að skila árangri. Þær umframhækkanir sem fram náðust í samanburði við SGS-samninginn til félagsfólks Eflingar sem starfar á almenna vinnumarkaðnum runnu til þeirra sem lögðu niður störf. Öll þau verkföll sem Efling hefur farið í síðan árið 2019 hafa skilað þeim sem tóku þátt árangri. Og það er auðvitað þess vegna sem valdastéttin vill svipta okkur sjálfstæðum samningsétti og hafa svo af okkur heilagasta rétt vinnandi fólks, réttinn til að leggja niður störf til að knýja á um betri kjör.

Það má einnig draga lærdóm af framkomu pólitískrar valdastéttar við samninganefnd og félagsfólk Eflingar. Það er nú alveg ljóst að vinnuafli höfuðborgarsvæðisins á ekkert skjól hjá þeim sem að stýra landinu okkar. Það var ógleymanleg kennslustund þegar þeir ráðherrar sem á tyllidögum segjast standa með verkafólki og verkalýðsbaráttu gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að grafa undan möguleikum okkar á því að gera Eflingarsamning fyrir Eflingarfólk. Sú skólaganga gleymist okkur ekki í brád.

Lærdómurinn sem við drögum af öllu því sem gerst hefur er að ekkert mun breytast nema við breytum því sjálf.

## Kæru félagar.

Við munum ekki bíða eftir því að valdastéttinni þóknist að taka tillit til okkar þarfa. Við getum ekki beðið eftir því að íslensk verkalýðshreyfing taki sér loksins stöðu með þeim sem strita fyrir lægstu launum en halda þó öllu gangandi með vinnu sinni. Nei, við skiljum að við sjálf verðum að gerast samfélagslegt umbreytingarafli eigi möguleikinn á raunverulegum árangri að fæðast. Við skiljum að þar er samstaðan með okkur sjálfum og hvort öðru lykilatriði. Og við skiljum að verkalýðsfélagið okkar getur verið það breytingarafli sem þörf er á í okkar hörðu baráttu fyrir réttlæti og jöfnuði.



Ljósmynd/Suphawatt Yoophithakwong

## Kæru félagar.

Við Eflingarfélagar komum alls staðar að úr heiminum. Við tölum ótal tungumál, og eigum ólíkar venjur og hefðir. Við höfum þó sýnt og sannað að við höfum algjörlega sameiginlegan skilning á því að samstaða okkar er máttugasta vopnið sem við eigum. Sjálfsvirðing okkar og virðing hvert fyrir öðru, dugnaður og þor, lífsreynsla og metnaður á að blása okkur sjálfum enn meiri baráttuanda í brjósti. Við berum höfuðið hátt og vitum að ekki er hægt að berja okkur til hlýðni.

## **Kæru félagar.**

Ég er stolt af þeim árangri sem við höfum náð. Við höldum áfram að byggja upp félagið okkar. Niðurrifsöflin þurfa að játa sig sigruð. Lýðræðislegir og félagslegir vettvangar Eflingar eru öllum þeim sem að vilja taka þátt opnir. Við höldum áfram að hittast, tala saman og hlusta hvert á annað. Við höldum áfram að berjast saman, konur og karlar, fólk fætt á Íslandi og fólk hingað flutt, fólk á öllum aldri. Við tökum ekki þátt í að minnka væntingar fólks til þess árangurs sem hægt er að ná í baráttunni fyrir betra lífi verkafólksins. Nei, við byggjum upp vald okkar og krefjumst virðingar, og aukum með því möguleika okkar á árangri. Við ætlum að ná árangri vegna þess að við einfaldlega verðum. Við tökum áhættu og við látum ekki segja okkur fyrir verkum. Við horfum til sögu verkafólks og fyllumst aðdáun á þeim stór-

kostlega árangri sem þar náðist og við horfum út í heim og sjáum að alls staðar er verkalýðsbarátta verkafólks að rísa upp. Við skiljum að verkalýðsfélög vinnandi fólks geta verið langöflugasta tækið til að takast á við herskáa og hættulega stéttabaráttu hinna ríku.

## **Kæru félagar.**

Ég trúir á rétt vinnuafslisins til að berjast fyrir efnahagslegu réttlæti með þeim vopnum sem líklegust eru til að ná árangri.

Þau vopn eru samstaðan og verkfallsvopnið. Gerðar hafa verið grófar og óforskammaðar tilraunir til að brjóta niður samstöðu okkar og til að svipta okkur verkfallsvopninu.

Þær hafa ekki borið árangur. Þau sem ráðist hafa gegn okkar baráttu hafa þurft að lúta í lægra haldi. Framundan eru stórkostlegar áskoranir. Efnahagslegt ofbeldi pólitískrar og efnahagslegrar valdastéttar leikur fjölmennan hóp Eflingarfólks grátt og grefur í sífellu undan lífskjörum þess. Verðbólga, vaxtahækkunar, samræmd láglaunastefna og húsnæðismarkaður sem afhentur hefur verið auðvaldinu. Valdastéttin sýnir fálæti og ferringu gagnvart afleiðingum ástands sem að hún ber ábyrgð á, og opinberar í sífellu stéttaandúð sína á verka- og láglaunafólki.

Einmitt vegna þess fálætis sem birtist okkur tökum við ákvörðun um að styrkja samstöðu okkar enn frekar, viðurkenna fyrir okkur sjálfum að við einfaldlega getum ekki og megum ekki gefast upp. Við ætlum að vinna sigur vegna þess að tap er ekki í boði.

Barátta Eflingarfólks fyrir völdum, virðingu og efnahagslegu réttlæti er rétt að byrja. Ég er stolt af því að standa við ykkar hlið í þeim slag.

## **Sólveig Anna Jónsdóttir**

Formaður Eflingar

# Inngangur framkvæmdarstjóra

## Umbreyting á róstursömum tímum

Rekstur og starfsemi skrifstofu Eflingar á árinu 2022 markast af róstursömum tímum og umbreytingu. Eftir stefnumarkandi ákvörðun stjórnar sl. vor í mannauðsmálum hófst um mitt ár uppbyggingartími með ráðningum nýrra stjórnenda, starfsmanna og stefnumótun í takt við áherslur stjórnar. Slíkar breytingar hafa gjarnan í för með sér fjölmörg tækifæri til umbóta í rekstri, en jafnframt áskoranir þar sem verið var að endurvinnna stærstan hluta verklags.

Slíkar umbreytingar hafa að öllu jöfnu verulegan kostnað í för með sér. Sú varð einnig reyndin hjá Eflingu, en rekstrar- niðurstaða ársins var neikvæð um 9,4 millj. kr.



**Perla Ösp Ásgeirsdóttir**  
Framkvæmdarstjóri Eflingar

### Rekstarniðurstöðuna má helst rekja til eftirfarandi þátta:

- Greiðslur úr sjúkrasjóði hækkuðu töluvert og þá sérstaklega sjúkradagpeningar sem hækkuðu um 420 millj. kr. milli ára.
- Niðurfærsla verðbréfaeignar félagsins um 284 millj. kr., að stærstum hluta vegna fyrirhugaðra aðgerða fjármálaráðherra í úrlausnum málefna ÍL-sjóðs.
- Aukning í sérfræðikostnaði vegna lögfræðilegrar ráðgjafar og ráðningarkostnaðar starfsfólks.
- Breytingar á reikningsfærslum iðgjalda frá Gildi þar sem nú er miðað við styttra uppgjörstímabil sem veldur lækkun á útistandandi kröfum um 287 millj. kr.

Á móti kemur að með aðgerðunum sl. vor lækkar fastur rekstarkostnaður og umtalsverðir fjármunir hafa sparast vegna fækkunar stöðugilda og innvistunar hluta af lögfræðiþjónustu.

### Stefnumótun og áherslur

Á haustmánuðum fór fram stefnumótun starfsfólks skrifstofu Eflingar. Þar sem stór hluti starfsfólks er með stuttan starfsaldur hjá Eflingu gafst einstakt tækifæri til að móta innra starf skrifstofunnar og áherslur í þjónustu við félagsfólk. Stefnumörkun stjórnar um að Efling yrði framsæknasta stéttarfélag á Íslandi var haft að leiðarljósi.




Mikill samhljómur var með starfsfólki um niðurstöðu stefnumótunar. Stjórnendur og starfsfólk skrifstofu Eflingar leggja áherslu á að byggja upp gagnsæja, skilvirka og hagkvæma þjónustu við félagsfólk, nútímavæða aðgengi félagsfólks að þjónustu skrifstofunnar og tryggja þannig góða nýtingu þeirra fjármuna sem okkur er treyst fyrir.

Virðing, hjálpssemi og samstaða eru áhersluatriði starfsfólks í samvinnu sín á milli

og stjórnendur eru starfsfólki til stuðnings í daglegum störfum. Einnig er mikilvægt að treysta á sjálfstæði í vinnubrögðum þar sem stöðugildafjöldi sem voru starfandi hefur minnkað um helming frá árslokum 2021.

Eftir það lærdómsferli sem síðari hluti árs 2022 hefur verið munum við byggja upp fyrirmyndarþjónustu með heiðarleika, jákvæðni og framfarir í huga.

## Stefna Eflingar



## Rekstrartengd verkefni skrifstofunnar

Frá miðju ári 2022 hefur þungamiðja í starfsemi skrifstofunnar snúist um mönnun, straumlínulögun á rekstrarumhverfi skrifstofunnar, hvernig hægt sé að nýta tæknina til betri þjónustu og einfaldari vinnslu, góða stjórnarhætti, samvinnu og stefnumótun. Eftir þetta munu verkefni skrifstofu Eflingar lúta að upplýsingatækni og framþróun þess að minnsta kosti út árið 2023. Hluti af þessu er endurhögun á vefsíðum Eflingar, innleiðing á félagakerfinu Tótal og aukin sjálfsafgreiðsla á mínum síðum. Bættur stafrænn vettvangur hefur gert rafræna þjónustu við félagsfólk aðgengilegri og einfaldari, á þeim tíma eða stað sem það kýs. Félagfólk Eflingar vinnur við krefjandi störf á fjölbreyttum tímum og stöðum og vill Efling með stafrænni framþróun koma til móts við þennan hóp.

Á árinu var lagður grunnur að samstarfi fimm stéttarféлага um rekstur félagakerfisins Tótal sem hannað hefur verið af stéttarfélagi fyrir stéttarfélag. Til þessa hafði Efling nýtt sér kerfi Reiknistofu Lífeyrissjóða, Jóakim, sem var komið vel til ára sinna og högun þess uppfyllti ekki nútímakröfur til upplýsingatæknikerfa. Innleiðing Tótal mun bæði lækka rekstrarkostnað tengdan upplýsingatækni sem og tryggja rekstrargrundvöll og aðkomu Eflingar að framþróun grunnkerfis í þjónustu við félagsfólk.

Fjárfestingar félagsins voru einnig endurskoðaðar með hliðsjón af aukinni áhættudreifingu og arðsemi eigin fjár Eflingar. Öll viðskipti félagsins voru flutt til Landsbankans hf. þar sem reikningasafn var

einfaldað og bætt fjárstýring á veltu-reikningum. Að auki voru verðbréfaeignir félagsins færðar í stýringu til Landsbankans. Félagið átti bæði bréf ÍL-sjóðs og hlutdeild í sjóðum sem fjárfestu í slíkum bréfum og varð tap á fjáreignum vegna niðurfærslu slíkra bréfa 284 m. kr. Hefði núverandi áhættustefna verið innleidd fyrir það áfall hefði tjón Eflingar orðið mun minna en raun bar vitni.

## Vinnustaðurinn

Undirstaða farsældar í rekstri og þjónustu við félagsfólk er sterkur og samstilltur hópur starfsfólks. Það má með sanni segja að frammistaða starfsfólks skrifstofu Eflingar hafi verið til fyrirmyndar. Með samheldni, þolinmæði og úrræðagetu hefur þessi hópur náð að leysa ýmis flókin og aðkallandi verkefni samhliða því að vera að læra á nýtt starfsumhverfi, ný tölvukerfi og síðast en ekki síst að halda viðunandi þjónustu við félagsfólk. Starfsfólk skrifstofu Eflingar var um áramótin 26 talsins, sem er um helmingsfækkun frá fyrri áramótum. Eitt af meginmarkmiðum okkar hefur verið að samræma svörun og stytta úrvinnslutíma erinda félagsfólks og er sú vinna þegar farin að skila árangri.

Á árinu var umgjörð um mannauðsmál einfölduð með hliðsjón af fækkun starfsfólks, jafnlaunakerfi mótað og vottun Jafnréttisstofu fékkst í upphafi árs 2023. Efling er nútímalegur vinnustaður þar sem álit starfsfólks er mælt mánaðarlega með HR monitor og niðurstöður nýttar til samtals stjórnenda og starfsfólks og úrbóta á vinnustaðnum. Áhersla er lögð á gagnkvæman sveigjanleika vinnustaðar og starfsfólks með hag allra í fyrirrúmi.

Efling er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem áhersla er lögð á heilsu og vellíðan starfsfólks. Þannig er byggt undir getu og hæfni starfsfólks til að þjónusta félagsfólk Eflingar með eins fjölbreyttar þarfir og raun ber vitni.

Á komandi ári er stefnt að aukinni fræðslu til starfsfólks um starfstengd málefni, innleiðingu frammistöðusamtala, miðlun þekkingar og þróunar í starfi. Fagleg þróun og vellíðan starfsfólks tryggir að við getum veitt félagsfólki Eflingar fyrirmyndarþjónustu og haldið rekstrarlegri hagkvæmni.



## Verkefni komandi árs

Upplýsingatækni og góðir stjórnarhættir ásamt áframhaldandi rekstrarhagræðingu verður í forgrunni verkefna næstu misseri. Efling bindur miklar vonir við samstarf um félagakerfið Tótal sem skili bæði hækkuðu þjónustustigi og einföldun í ferlum er tengjast fjármálum félagsins. Samstarf um rekstrartengd málefni stéttarfélaga er þáttur sem Efling telur að skoða eigi nánar til hagsbóta fyrir félögin.

Þær fjárfestingar og hagræðingaraðgerðir sem ráðist var í á liðnu ári munu að öðru óbreyttu skila sér í skilvirkri verklagi og hagkvæmum rekstri skrifstofu Eflingar. Þá er, að undanskildum upplýsingatæknibreytingum, sérstaklega horft til innvistunar á hluta lögfræðiþjónustu og nýjum samstarfsaðila varðandi lögmannsþjónustu við félagsfólk.

## Áræðni og þor

Árið 2022 var í hnotskurn áskorun fyrir alla haghafa Eflingar stéttarfélags. En áskorunum fylgja tækifæri sem við sem störfum hjá og fyrir Eflingu höfum nýtt eins vel og á verður kosið og væntum þess að afraksturinn skili sér á komandi árum.

Ég vil þakka formanni og stjórnarmeðlimum Eflingar fyrir framúrskarandi samstarf á árinu og lít björtum augum til samstarfs á árinu 2023. Samstarf sem einkennist af fagmennsku, trausti og áræðni til hagsbóta fyrir félagið. Ákvarðanafælni sem einkennir sumar stjórnir á ekki við um stjórn Eflingar.

Ég sem stjórnandi er svo lánsöm að hafa framúrskarandi stuðning frá stjórnendateymi og samstarfsfólki til að leiða Eflingu inn í nýja tíma. Mínar bestu þakkir til ykkar allra.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka félagsfólki Eflingar fyrir þolinmæði og skilning á umbreytingartímum. Í ykkar þágu munum við verða framsæknasta stéttarfélag á Íslandi.

## Perla Ösp Ásgeirsdóttir

Framkvæmdastjóri Eflingar

# Tölulegar upplýsingar um félagsfólk og sjóði

Greiðandi félagsfólk á árinu 2022 voru 41.543 eða 3.564 fleiri en árið áður. Af þeim voru 23.229 karlar, 18.281 konur og 33 kynsegin. Þar sem sumir greiða einungis hluta úr ári reiknast meðalfjöldi þeirra sem greiddu til Eflingar á árinu 27.786. Fjöldi launagreiðenda sem greiða í félagið fyrir starfsmenn sína var 3.910 á árinu 2022 samanborið við 3.621 árið áður. Greiðslur iðgjalda skiptust með eftirfarandi hætti í sjóði félagsins:

## Félagssjóður

Iðgjöld Félagssjóðs eru 0,7% af öllum launum. Af þeim iðgjöldum renna 15% í Vinnudeilusjóð og 6% í Fræðslusjóð. Eigið fé Félagssjóðs nam tæpum 2,3 milljörðum króna í árslok 2022 og lækkaði um 1,2% á árinu.

## Vinnudeilusjóður

Í Vinnudeilusjóð renna 15% af iðgjöldum Félagssjóðs og má því segja að 0,1% af öllum launum renni í hann. Eigið fé Vinnudeilusjóðs nam tæpum 3,1 milljörðum króna í árslok 2022 og hækkaði um 4,9% á árinu.

## Fræðslusjóður

Í Fræðslusjóð renna 6% af innheimtum iðgjöldum félagsjóðs og má því segja að 0,04% af öllum launum renni í hann. Eigið fé Fræðslusjóðs nam um 230 milljónum króna í árslok 2022 og hækkaði um 12,8% á árinu.

## Sjúkrasjóður

Umsamin iðgjöld í Sjúkrasjóð eru framlag launagreiðenda upp á 0,75% til 1%. Eigið fé Sjúkrasjóðs nam 5,6 milljörðum króna í árslok 2022 og lækkaði um 6,4% á árinu.

## Styrktarsjóður

Iðgjöld Styrktarsjóðs er 5% framlag af innheimtum iðgjöldum úr Sjúkrasjóði. Eigið fé Styrktarsjóðs nam 174 milljónum króna í árslok 2022 og hækkaði um 15,7% á árinu.

## Endurhæfingarsjóður

Rekstur þessarar deildar hjá Eflingu er ein af lykilstoðum í því stóra verkefni að draga úr örorkubyrði meðal félagsmanna. Aðsókn vegna starfsendurhæfingar hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og eru líkur á að þessi starfsemi geti dregið úr útgreiðslum úr sjúkrasjóðum og lífeyrissjóðum. Deild þessi er ekki rekin með sjóðsöfnun í huga.

## Orlofssjóður

Umsamin iðgjöld Orlofssjóðs er 0,25% - 0,33% framlag launagreiðenda. Auk þess hefur Orlofssjóður tekjur af útleigu orlofshúsa. Eigið fé Orlofssjóðs sem er að stórum hluta bundið í orlofshúsum og orlofsbyggðum nemur 2,4 milljörðum króna í árslok 2022 og hækkaði um 22% á árinu.

# Fræðslu- og félagsmál

## Fræðsla og námskeiðahald

Í upphafi haustsins 2022 var efnismikil fræðsludagskrá Eflingar fyrir starfsárið 2022-2023 auglýst. Ekki var gefið út fræðslublað heldur var prentað plakat í A3 stærð á ensku, íslensku og pólsku og fjöldapóstur sendur á öll netföng Eflingarfélaga. Nánari upplýsingar um hvert og eitt námskeið voru settar á vef félagsins og uppfærðar þar.

## Fagnámskeið

Stór hluti fræðsludagskrár eru fagnámskeið sem nýtast félagsfólki Eflingar í ýmsum atvinnugreinum. Þessi námskeið eru flest hver greidd að fullu af starfsmenntasjóðum Eflingar og eru því félagsfólki að kostnaðarlausu. Sum námskeiðanna eru hluti af viðameiri námsbrautum sem leiða til viðurkenningar með breyttu starfsheiti og röðun í launaflokk. Á það til dæmis við um námsleiðirnar félagsliðagátt og leikskólaliðabréu sem skipulagðar eru í samstarfi við Mími, Menntaskólann í Kópavogi og Borgarholtsskóla. Samtals skráðu sig 183 Eflingarfélagar á hin ýmsu fagnámskeið.

## SKRÁNINGAR Á FAGNÁMSKEIÐ

## FJ.NEM

SKRÁNINGAR Á FAGNÁMSKEIÐ	FJ.NEM
Félagsliðagátt	17
Fagnámskeið umönnun 1 - Haust2022	18
Fagnámskeið umönnun 2 - Haust2022	11
Fagnámskeið umönnun 1 - Vor2023	28
Fagnámskeið umönnun 2 - Vor2023	12
Fagnámskeið eldhús 1 - Haust2022	14
Fagnámskeið eldhús 2 - Vor2023	27
Leikskólaliðabréu - Vor2023	9
Fagnámskeið eldhús 3 - Vor2023	20
Fagnámskeið leikskóla 1 – Vor2023*	17
Fagnámskeið leikskóla 2 – Vor2023*	10
<b>Samtals</b>	<b>183</b>

\*Athugið, þessi námskeið höfðu ekki verið haldin þegar ársskýrslan var gefin út.

## Réttindanámskeið

Á fræðsludagskrá Eflingar eru einnig námskeið um ýmis réttindatengd málefni sem hafa notið vinsælda hjá Eflingarfélögum í áraradír. Má þar nefna réttindanámskeið sem fjallar um almenn réttindi og skyldur á vinnumarkaði, sem að þessu sinni var kennt á íslensku með enskri túlkun þann 18. janúar og á pólsku þann 25. janúar.

Starfslokanámskeiðið er iðulega eitt það vinsælasta á fræðsludagskrá félagsins og voru að þessu sinni yfir 90 Eflingarfélagar skráðir á það. Íslensk útgáfa námskeiðsins var að þessu sinni kennd 14. og 15. nóvember og endurtekin 8.-9. mars. Námskeið á ensku var haldið 14. mars og á pólsku 15. mars. Þá eru sérstök námskeið um lífeyrisréttindi á dagskrá í byrjun maí, haldin á íslensku, ensku og pólsku. Einnig var boðið upp á námskeið um skattkerfið á Íslandi á ensku og pólsku, sem haldið var 21. og 23. febrúar.



Öll réttindanámskeiðin voru haldin í Félagsheimili Eflingar, þar sem öll aðstaða til námskeiðahalds og fyrirlestra er til fyrirmyndar, og boðið var upp á veitingar. Félagið hefur á síðustu árum lagt aukinn metnað í námskeiðsframboð á ensku og pólsku. Samtals hafa 270 Eflingarfélagar skráð sig á réttindanámskeið á starfsárinu.

SKRÁNINGAR Á RÉTTINDANÁMSKEIÐ	FJ. NEM
Réttindi og skyldur leigjenda	10
Starfsflokkanámskeið (íslenska) - Haust2022	36
Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (íslenska)	21
Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (pólska)	27
Skattkerfið á Íslandi (enska)	41
Skattkerfið á Íslandi (pólska)	36
Starfslokánámskeið (íslenska) - Vor2023	22
Starfslokánámskeið (pólska)	45
Starfslokánámskeið (enska)	24
Lífeyrisréttindi (íslenska)*	1
Lífeyrisréttindi (enska)*	2
Lífeyrisréttindi (pólska)*	5
Samtals	270

\*Athugið, þessi námskeið höfðu ekki verið haldin þegar ársskýrslan var gefin út.

## Power and Participation in Negotiations

Hópur virkra félagsmanna sótti ókeypis fjarnámskeið á vegum Rosa Luxemburg-stofnunarinnar, kennt undir leiðsögn verkalyðsfrömuðarins Jane McAlevey.

Um 30 félagsmenn sóttu námskeiðið í þrjú skipti á laugardögum í Félagsheimili Eflingar. Efni og áherslur námskeiðsins áttu eftir að koma að góðum notum þegar samninganefnd Eflingar hóf störf um haustið.

Meginatriði nám-skeiðsins var að sýna fram á hvernig verkalyðsfélög geta nýtt sér beina þátttöku stórra hópa félagsfólks sem aðferð til að ná árangri í kjarasamningsgerð.

Einnig var komið inn á hvernig þessi „big and open“ aðferð styrkir starf verkalyðsfélaga almennt og eflir samstöðu verkafólks. Fjallað var um raunveruleg dæmi þar sem þessi aðferð hefur verið notuð og skilað árangri. Verkafólk sem nýtt hefur „big and open“ aðferðafræðina í kjaradeilum við atvinnurekendur flutti fyrirlestra þar sem þau sögðu frá reynslu sinni og svöruðu spurningum þátttakenda.



# Skemmtiviðburðir

## Jólaball

Jólaball Eflingar var haldið laugardaginn 10. desember 2022 í Gullhömrum Grafarholti. Jólasveinar komu í heimsókn og hljómsveit hússins sá um dans og söng.

## Jólamarkaður

Jólamarkaður Eflingar var haldinn helgina 3.-4. desember 2022. Þar gafst félagsfólki Eflingar kostur á að bóka bás sér að kostnaðarlausu og hafa til sölu handverk sitt eða aðra framleiðslu. Allir básarnir voru uppþökadur og fylltust af alls kyns spennandi varningi. Það var boðið upp á kakó, piparkökur og lifandi tónlist svo að það tókst að skapa notalega og skemmtilega jólastemningu.



## Fyrsta maí kaffi

Eflingarfélagar fjölmenntu í kröfugöngu á baráttudegi verkalyðsins og á baráttufund sem fram fór á Ingólfstorgi. Eftir gönguna var haldið í Valsheimilið í 1. maí kaffi Eflingar. Þar var boðið upp á kaffiveitingar. Að auki kom ísvagn á staðinn og börn gátu fengið andlitsmálningu.



# Starf trúnaðarmanna

## Trúnaðarmannanámskeið

Skipulagi trúnaðarmannanámskeiða Eflingar var gjörbreytt haustið 2022. Í stað þess að námskeiðin séu kennd hjá Félagsmálaskóla alþýðu hefur Efling tekið alfarið yfir skipulag trúnaðarmannanámskeiða. Nú eru námskeiðin kennd heilan dag í senn einu sinni í mánuði á tímabilinu september til maí, eða fjórum sinnum fyrir áramót og fimm sinnum eftir áramót.

Með þessu fyrirkomulagi þurfa nýskipaðir trúnaðarmenn aldrei að bíða lengur en í fjórar vikur eftir að komast á námskeið í félagsskap annarra trúnaðarmanna.

Jafnframt er með þessu fyrirkomulagi stuðlað að því að trúnaðarmenn viðhaldi tengslum við félagið og aðra trúnaðarmenn, auk þess sem þeir njóta símenntunar varðandi þá þekkingu sem þeir þurfa í starfi sínu sem trúnaðarmenn.

Góð aðsókn var á námskeiðin í hvert einasta skipti, aldrei færri en 47 manns og 55 þegar mest var. Heildarfjöldi þeirra trúnaðarmanna sem sóttu námskeið einhvern tíma yfir veturinn var 115. Boðið var upp á fjölbreytta fyrirlestra um vinnuréttindi, sögu og samfélag, kjaraviðræður og um störf trúnaðarmanns.

### Trúnaðarmannanámskeið 2022-2023

Meðaltal svara eftir námskeið vetrarins (á kvarða 1-5)

Hversu gagnlegt fannst þér námskeiðið (1-5)? Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (íslenska)	4.42
Hversu gagnlegt fannst þér námskeiðið (1-5)?	4.37
Hvernig fannst þér vera haldið utan um framkvæmd námskeiðsins (1-5)?	4.67

**HÁMARKS ÁBYRGÐ  
= LÁGMARKS LAUN?**

**Til að manna  
mikilvægustu  
störfin þarf  
mannsæmandi  
laun**





## Endurgjöf um trúnaðarmannanámsskeið Eflingar

Aldrei lært eins mikið á stuttum tíma og mæli eindregið með þessum námskeiðum.

Mjög ánægð með að fá góðar skýringar á kjarasamningi og um hvað SGS-deilan snýst.

Góðar umræður um það sem við vorum frædd um.

Vel upp sett og flottur félagsskapur.

I am very grateful that there is always new material.

Jákvæð stemming á námskeiðinu.

Nei þetta er hryllingur.

Maður lærir alltaf eitthvað nýtt á þessum námskeiðum.

Organizers and lecturers are good and hoping they keep on getting better...

The questions and answers are so satisfying. I hope next time it will be more

Hádegisverðurinn var mjög góður að vana og gaman hvað margir tóku þátt í samræðum.

Great food, especially the pastries, and I'm glad we also get theory from Stefán, not just the basic rights (which are also welcome, but a well rounded course is great).

The course was fun, interesting and informative.

Útskýra betur ef það eiga vera flókin reikningsdæmi í stað þess að stilla þeim bara upp.

Gleði gaman að kynna fólk í ólíkum störfum.

I enjoyed the small groups sharing their discussions.

Gott að geta verið með fyrirspurnir og fá góð svör.

Mér finnst fólk hafa lítinn áhuga á sögu kjarabaráttu en meiri áhuga því hvað er að gerast í dag.

The course was good. Coming from a first timer 😊

Góður matur, gott yoga og gott andrúmsloft.

Very interesting and interactive with other people, the time for the topics was good not so exhausted.

Vel að öllu staðið, hugsað mikið um okkur sem sóttum námskeiðið.

Frábært að fræðast um orlofsréttindi.

## Trúnaðarmannakerfið

Utanhald trúnaðarmannakerfis félagsins hefur verið í sífelldri mótun síðustu misseri. Mikil vinna fylgir því að halda utan um kosningar og skipun nýrra trúnaðarmanna ásamt því að tryggja að atvinnurekendur hafi móttekið upplýsingar um skipun þeirra.

Á vinnustöðum þar sem trúnaðarmenn vantar geta Eflingarfélagar sjálfir sett sig í samband við skrifstofu félagsins og fengið upplýsingar um hvernig sé best að auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum til að gegna stöðu trúnaðarmanns. Einnig hefur skrifstofan haft frumkvæði að því að auglýsa eftir trúnaðarmönnum og hafa kraftar félagsfólks einnig verið nýttir til þess.



Samtals voru 71 trúnaðarmenn skipaðir á tímabilinu 1. júní 2022 til 15. apríl 2023.

Á vordögum 2023 samþykkti stjórn skriflegar viðmiðanir um skipun og störf trúnaðarmanna, þar sem farið var yfir gagnkvæmar skyldur þeirra og félagsins. Samþykktin var kynnt í trúnaðarráði og fyrir trúnaðarmönnum á námskeiði.

## Félagslegt starf

### Trúnaðarráð

Trúnaðarráð er hryggjarstykkið í félagslegu starfi Eflingar og er æðsta vald í málefnum félagsins. Í því eiga 115 Eflingarfélagar sæti til viðbótar við stjórn. Trúnaðarráð fundaði fjórum sinnum haustið 2022 og jafn oft um vorið 2023. Upplýsingar um störf ráðsins má sjá á vefsíðu Eflingar, á [www.efling.is](http://www.efling.is).

### Félagsfundir

Haldnir voru allnokkrir fundir með hópi félagsfólks sem voru iðulega vel sóttir og líflegir. Má þar nefna fjölda funda með þeim hópum sem tóku þátt í verkfallsaðgerðum, sem voru hótélverkafólk, olíubílstjórar og vöruflutningabílstjórar hjá Samskipum. Haldinn var stórfundur hótélverkafólks þann 30. mars sem um 70 manns sóttu.

**Vissir  
þú að**

**90,7%**  
**Eflingarféлага**  
**vill leggja áherslu á**  
**hækkun lægstu launa**  
**í kjarasamningum?**


## Þing ASÍ og SGS

Efling átti 54 fulltrúa á þingi ASÍ, sem haldið var 10.-12. október 2022 og á framhaldsþingi 27.-29. apríl 2023. Einnig átti Efling 62 fulltrúa úr röðum félagsfólks á þingi SGS Íslands á vordögum 2022.

## Kjarakönnun

Haustið 2022 vann félagið viðmikla kjara- og viðhorfskönnun í samstarfi við Gallup. 4.562 félagsmenn svöruðu könnuninni, sem er margfalt meiri þátttaka en áður í sambærilegum könnunum félagsins. Trúnaðarmenn félagsins voru sérstaklega virkjaðir til að hvetja vinnufélaga sína til þátttöku, og virðist það hafa skilað árangri.

## Þátttaka í kjarakönnun Eflingar frá 2014:



Í eldri kjarakönnunum var svörun hæst árið 2016 eða 1.294 svör, en hafa ber í huga að í fyrri könnunum var úrtak miklu minna, eða allt niður í 3.000, og auk þess náðu kannanir til félagsfólks í öðrum verkalýðsfélögum á Suðvesturhorninu. Að opna úrtakið fyrir öllu félagsfólki Eflingar ásamt öðrum gerði miklu meiri þátttöku mögulega að þessu sinni.

Sú ákvörðun að þýða könnunina á 10 algengustu tungumál félagsfólks hafði mjög jákvæð áhrif á svörun. Úrtak könnunarinnar var tæplega 36 þúsund kennitölur og var svarhlutfall í heild 12,79%.

Þátttaka félagsfólks af íslenskum uppruna var rétt undir þessu meðaltali eða 12%, en miklu hærri hjá mörgum hópum erlendra félaga. Hér má sjá nokkra hópa aðfluttra þar sem svarhlutfall var yfir meðaltali:

**Vissir**  
**þú að**

**65%**

**Eflingarfélaga**  
**lifir við viðvarandi**  
**fjárhagsáhyggjur?**

Sambærileg kjarakönnun meðal verkafólks á Akureyri sem unnin var af Gallup fyrir stéttarfélagið Einingu-Iðju sýndi fram á lægri heildarlaun verkafólks á höfuborgarsvæðinu þrátt fyrir lengri vinnutíma. Þá gaf könnunin skýrar vísbendingar um verkfallsvilja Eflingarfélaga, sem síðar var staðfestur í atkvæðagreiðslum um verkfallsaðgerðir.

Land	Hlutfall	Fjöldi svara
Filippseyjar	25 %	96
Tæland	24%	51
Víetnam	22%	56
Litháen	16%	295
Portúgal	15%	53
Pólland	15%	941
Lettland	14%	126

## Útgáfa og kynningarmál

Félagið hélt úti öflugri nærveru í þjóðfélagsumræðunni með auglýsinga-herferðum og á samfélagsmiðlum allt síðasta ár. Facebook síða félagsins var reglulega uppfærð, og mikið af fréttum og uppfærslum birt á vefsíðunni [www.efling.is](http://www.efling.is).

Fréttaskeyti Eflingar var sent út með reglulegu millibili á netföng félagsfólks, opnað og lesið af mörgum þúsundar félagsfólks. Allt þetta efni var nær undantekningalaust á íslensku, ensku og pólsku.

## Kjararannsóknir og kjarafréttir

Félagið hefur haldið úti sjálfstæðri vinnu og miðlun upplýsinga á sviði kjararannsókna, greininga og tölfraeðivinnu á árinu, eins og undanfarin ár. Stefán Ólafsson, sérfræðingur í lífskjararannsóknum, hefur borið þessa vinnu uppi. Undir lok ársins 2021 var hafin útgáfa Kjarafréttar Eflingar þar sem fjallað er um mikilvæga þætti í lífskjörum félagsfólks, undir kjörorðinu „Staðreyndir um lífskjör láglaunafólks“. Í hverju tölublaði er fjallað á skýran og hnitmiðaðan hátt um einstaka þætti lífskjaranna og sýnt hvernig þau skipta máli og hvar hallar á láglaunafólk í íslensku samfélagi.

VIÐ ERUM  
MEIRA VIRÐI! 



Efni Kjarafréttar er aðgengilegt á heimasíðu Eflingar. Auk þessa hefur Stefán ritað fjölda greina og skýrslna um viðfangsefni kjarabaráttu Eflingar, auk þess að vinna að undirbúningi og útfærslu efnis fyrir kröfugerð vegna kjarasamninga, flutt fyrirlestra á námskeiðum á vegum Eflingar og unnið með forystu félagsins við stefnumótun og upplýsingamiðlun margs konar

## Starf stjórnar

Gengið var til kosninga í félaginu snemma árs 2022 og bar Baráttulistinn, leiddur af Sólveigu Önnu Jónsdóttur, sigur úr bítum. Tók ný stjórn við á aðalfundi 8. apríl og hefur hún fundað 25 sinnum síðan þá. Formaður stýrði fundum og fundargerðir voru skjalaðar hjá félaginu. Rekstrarmál voru stór þáttur í starfi stjórnar, sem samþykkti og fylgdi úr hlaði viðamiklum skipulagsbreytingum vorið 2022.

## Kjaraviðræður og störf samninganefndar

Kjaraviðræður settu svip sinn á félagslegt starf Eflingar allan veturinn 2022-2023. Auglýst var eftir tilnefningum félagsmanna í samninganefnd þann 20. september og var hún skipuð á fundi trúnaðarráðs þann 20. október. Þá fór í hönd vinna við smíði kröfugerðar sem í kjölfarið var birt Samtökum atvinnulífsins þann 31. október.

Fyrsti samningafundur var haldinn í Félagsheimili Eflingar þann 4. nóvember. Samningaviðræður við SA gengu mjög treglega, sérstaklega eftir að Starfsgreina-sambandið undirritaði kjarasamning án samráðs við Eflingu þann 1. desember. Ljóst var að ætlun SA var að Efling tæki upp þann samning óbreyttan, án nokkurrar aðlögunar að samsetningu og aðstæðum félagsfólks Eflingar.

Undir þetta tóku flest Starfsgreina-sambandsfélögin, ríkissáttasemjari og önnur valdaöfl í íslensku samfélagi. Félagið gagnrýndi samninginn og stóð fast á sjálfstæðum samningsrétti Eflingar.

## Fordæmalaust inngríp ríkissáttasemjara

Kjaradeilan tók smátt og smátt að snúast um það hvort Efling nyti í raun sjálfstæðs samningsréttar. Í stað þess að beita sér fyrir umræðum um efnisatriði og málamiðlanir kaus ríkissáttasemjari að þröngva miðlunartillögu upp á Eflingu þann 26. janúar. Tímasetning tillögunnar var augljóslega hugsuð til að hamla því að boðaðar verkfallsaðgerðir Eflingarfélaga á hótelum Íslandshótela gætu hafist.

Þvert á lög vanrækti ríkissáttasemjari allt samráð við Eflingu áður en hann lagði fram tillögu sína og vanrækti jafnframt að leiða deiluaðila saman til eiginlegra samningaviðræðna. Hafnaði félagið frá upphafi tillögunni sem lögleysu og markleysu. Jafnframt taldi félagið embætti ríkissáttasemjara skorta heimild til að krefja félagið um afhendingu kjörskrár. Efling fékk réttmæti þeirrar afstöðu sinnar staðfest með dómi Landsréttar þann 13. febrúar. Í opinberum ummælum sínum hafa ráðherra vinnumarkaðsmála og forsætisráðherra aldrei viðurkennt lögbrot embættis ríkissáttasemjara gegn verka- og láglaunafólki, heldur einungis rætt um nauðsyn þess að breyta vinnumarkaðslöggjöfnni. Hlýtur það að teljast óvenjulegt að fulltrúar meirihlutans á löggjafarþingi Íslendinga bregðist við lögbrotum með því að kenna lögunum um, fremur en að beina sjónum að þeim sem lögin brýtur samkvæmt staðfestri niðurstöðu dómstóla.

## Vel heppnaðar verkfallsaðgerðir

Samninganefnd Eflingar varði miklum tíma í undirbúning verkfallsaðgerða. Heimsóttu samninganefndarmenn meðal annars allar starfsstöðvar Íslandshótela til að kynna félagsfólki fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir og áttu aðra fundi með félagsfólki.

Þrátt fyrir linnulausan áróður og hótanir bæði SA og eigenda Íslandshótela samþykkti félagsfólk verkfallsaðgerðirnar með afgerandi meirihluta. Efling hafði einnig betur gegn málshöfðun SA í Félagsdómi um lögmæti verkfallsaðgerðanna og hófust þær þann 7. febrúar.

Í framhaldi boðaði Efling til verkfallsaðgerða á Berjaya hótélkeðjunni, á Reykjavík Edition hótelinu, hjá Samskipum, hjá Skeljungi og hjá Ólíudreifingu. Voru allar þær verkfallsboðanir samþykktar með sannfærandi meirihluta og góðri þátttöku. Var starfrækt undanþágunefnd sem samþykkti allar undanþágubeiðnir sem sneru að almannaöryggi. Samninganefnd kaus sökum verk-banns SA að boða ekki til þeirra verkfallsaðgerða sem einnig voru samþykktar 20. febrúar meðal öryggisvarða, ræstingafólks og fleiri hótélstarfsmanna með sterkum meirihluta.

Samtals tóku 1.433 Eflingarfélagar þátt í verkfallskosningum í janúar og febrúar um 5 aðskildar verkfallsboðanir. Þar af kusu 1.088 með aðgerðum, eða 76%. Er það markvert meiri stuðningur við verkfallsaðgerðir en í kjara- og viðhorfskönnun félagsins sem fram fór haustið 2022.



## Eflingarfélagar sterkir, sýnilegir og samstiga

Eflingarfélagar sýndu jafnframt samstöðu sína og baráttuvilja með fjöldasamkomum og mótmælaaðgerðum, sem voru þær fjölsóttustu og kraftmestu sem sést hafa meðal verkafólks á almennum vinnumarkaði áratugum saman.

Mótmæli fyrir utan ráðherrabústaðinn þann 10. febrúar leiddu til þess að formaður Eflingar og fulltrúar Eflingarfélaga fengu viðtal við forsætisráðherra, sem sýndi þó kröfum og aðstæðum Eflingarfélaga sama tómlæti við það tækifæri og við öll önnur tækifæri sem henni hafa gefist til að tjá sig um sögulega baráttu láglaunafólks í þessari kjaradeilu.



## Réttnefndar viðræður stóðu í örfáa daga í febrúar

Í kjölfar dóms Landsréttar sagði Aðalsteinn Leifsson ríkissáttasemjari sig frá umsjón kjaradeilu Eflingar og SA. Þann 14. febrúar var Ástráður Haraldsson skipaður í hans stað. Vegna vaxandi þunga verkfallsaðgerða og skipbrots miðlunartillögu Aðalsteins Leifssonar tókst loks að fá Samtök atvinnulífsins að samningaborðinu þann 15. febrúar. Að kvöldi 16. febrúar ákvað samninganefnd að láta reyna af alvöru á viðræður við SA undir stjórn nýs sáttasemjara og frestaði verkfallsaðgerðum í þrjá daga.

Í þessum viðræðum teygði Efling sig eins langt og mögulegt var og sýndi mikla lausnamiðun og samningsvilja. Það dugði þó ekki til, og sigldu SA viðræðum í strand þann 19. febrúar þrátt fyrir að litlu munaði, aðeins á bilinu 0 til 10 þúsund krónum í starfsaldursþrepum samanborið við SGS samninginn.

### Verkbanni hrundið

Fremur en að brúa bilið við sinn viðsemjanda með sanngjörnum málamiðlunum kusu SA að boða til verkbanns á alla Eflingarfélaga á almennum vinnumarkaði þann 22. febrúar, að aflokinni kosningu. Tilgangurinn með verkbanninu var sá að tæma vinnudeilusjóð Eflingar, að hræða Eflingarfélaga til hlýðni og að þrýsta á stjórnvöld að taka afstöðu með SA í kjaradeilunni.

Efling lýsti því yfir frá fyrsta degi að vinnudeilusjóður félagsins yrði ekki nýttur til að fjármagna þetta níðingsverk. Þá komu fljótt í ljós miklir brestir í röðum atvinnurekenda, sem margir hverjir lýstu sig óbundna af verkbannsboðuninni.

Þá leiddi könnun meðal Eflingarfélaga í ljós að fjölmargir atvinnurekendur treystu sér ekki til að veita starfsfólki neinar upplýsingar um afstöðu til verkbanns, augljóslega í trausti þess að ekki kæmi til beitingar á þessari hótun. Svo fór að verkbanni var frestað einhliða af hálfu SA með þriggja daga fyrirvara þann 27. febrúar. Beiting þessarar hótunar, sem var tilraun til að marka upphaf nýs og ógeðfellds kafla í sögu íslensks vinnumarkaðar, mun seint gleymast.

### Deilu lauk með löglega framlagðri miðlunartillögu

Settur ríkissáttasemjari í kjaradeilu Eflingar og SA lagði þann 1. mars fram miðlunartillögu. Í meginatriðum var miðlunartillagan samhljóða kjarasamningi SA við SGS. Tillögunni fylgdi launatafla þess samnings sem og önnur ákvæði, til að mynda um hækkunar á desemberuppbót, orlofsuppbót og bónusum í fiskvinnslu. Allar hækkunar á kaupþöxtum og almenn hækkun að upphæð 33 þúsund krónur giltu frá 1. nóvember 2022. Í miðlunartillögunni var afturvirkni þessara hækkana tryggð. Vikið var frá SGS-samningnum í miðlunar-tillögunni að því leyti að búið var til nýtt starfsheiti fyrir almennt starfsfólk á hótelum. Raðast almennt starfsfólk, meðal annars hótelpernur, einum launaflokk hærra í töflu en áður.

Einnig fylgdi tillögunni aðskilið samkomulag um innleiðingu á bónus fyrir bílstjóra hjá Skeljungu og Olíudreifingu vegna aksturs með hættuleg efni (ADR). Sömuleiðis náðist samkomulag við Samskip um 28% hækkun á ábata í vinnustaðasamningi og hækkun á launaflokki bílstjóra með ADR-réttindi um einn. Tóku þessar breytingar gildi frá 1. febrúar 2023.

# Kjaramál

## Breytingar á starfsemi

Árið 2022 var viðburðaríkt hjá Eflingu stéttarfélagi og bar starfsemi vinnuréttarsviðs keim af því. Ein stærsta áskorun sviðsins þetta árið voru nauðsynlegar, stefnumarkandi skipulagsbreytingar stjórnar sem ráðist var í á vormánuðum en við þær breytingar urðu umtalsverðar mannabreytingar hjá vinnuréttarsviði. Þessar breytingar buðu þó líka upp á einstakt tækifæri fyrir sviðið til að endurhugsa starfsemina, rýna í ferla og verklag, bæta vinnuaðferðir og tryggja betri þjónustu við félagsfólk.

Á vinnuréttarsviði störfuðu í árslok 6 einstaklingar auk sviðstjórans, en það er umtalsverð fækkun frá því árinu á undan þegar 12 einstaklingar störfuðu á sviðinu. Á árinu var farið vandlega yfir innri ferla með markmið stefnumótunar í huga. Einnig var undirbúningur hafinn að því að fjölga starfsfólki í 8, en það er sá fjöldi sem er á sviðinu í dag. Þetta er fjölbreyttur en samstilltur hópur og mikil áhersla var lögð á að starfsfólk sviðsins gæti þjónustað félagsfólk á sem flestum tungumálum. Í dag getur Efling stéttarfélag veitt félagsfólki sínu



Breyting var líka á nafni sviðsins. Á fyrri hluta ársins 2022 hét sviðið kjaramálasvið, en við skipulagsbreytingarnar var sviðið nefnt vinnuréttarsvið þar sem það lýsir betur starfi sviðsins. Orðið vinnuréttur vísar í þá grunnstarfsemi sviðsins að standa vörð um rétt á vinnumarkaði, rétt sem byggir á lögum og kjarasamningum.

þjónustu á ensku, pólsku, litháísku, úkraínsku, rúmensku, spænsku og rússnesku, en Efling stéttarfélag er vel meðvitað um nauðsyn tungumála-kunnáttu enda er um helmingur af 28.000 félagsmönnum Eflingar af erlendu bergi brotinn og á sér annað móðurmál en íslensku. Auk þessa getur félagsfólk sótt sér aðstoðar tólks.



## Fjölbreytt mál

Fjöldi mála kom inn á borð vinnuréttarsviðs árið 2022. Algengt var að málin voru vegna uppsagna þar sem lögboðinn réttur fólks um t.d. uppsagnafrest eða greiðslu orlofs var ekki virtur. Einnig voru mörg mál vegna vangreiddra eða rangt reiknaðra launa. Fjöldi mála er svipaður á milli ára, en af ýmsum ástæðum var vinnslutími mála óþarflega langur og hefur það verið eitt meginmarkmið vinnuréttarsviðs að stytta vinnslutímann og þegar líða tók á árið sáum við árangur í þeim efnum.

Vinnuréttarsvið hefur lagt mikla áherslu á að byggja upp þekkingu starfsfólks og auka fagmennsku í samskiptum. Hluti af því er að töluverður tími fór í vel heppnaða þjálfun starfsfólks og er sú vinna einn af megin stoðunum í umbótum sviðsins. Sem hluti af þessu hófu vinnuréttarsvið og þjónustusvið undirbúning að samstarfsverkefni um að samræma upplýsingar og skilaboð og auka samvinnu sviðanna. Það er markmið Eflingar stéttarfélags að þetta muni enn bæta þjónustu og stytta vinnslutíma mála árið 2023. Einnig var lögð umtalsverð vinna í að skoða vinnuferla, skilgreina þjónustustig og samræma skráningu mála.

Þessi vinna er ein af meginstoðum þeirrar vinnu sem fram undan er og á að verða félagsfólki til góðs á næsta ári. Sem hluta af þessari endurskoðun voru tvö ný netföng stofnuð, vinnurettindi@efling.is sem er ætlað félagsfólki og atvinnulif@efling.is sem er ætlað atvinnurekendum sem þurfa að hafa samband við Eflingu stéttarfélag, en þessi breyting á að einfalda svörun og þjónustustig.

Önnur breyting á starfsemi vinnuréttarsviðs var að Efling stéttarfélag tók upp nýtt skjalavistunarkerfi. Innleiðing á því hefur tekið tíma en þegar fram líða stundir mun það einfalda starfsemi vinnuréttarsviðs, auka öryggi persónuupplýsinga og bæta skjölun mála ásamt því að veita nauðsynlega yfirsýn yfir ferli mála í vinnslu hjá skrifstofu Eflingar.


## Bætt þjónusta

Á árinu var líka ráðist í að breyta opnunartíma skrifstofunnar og er nú opið hjá Eflingu stéttarfélagi kl. 9-15 mánudaga til fimmtudaga en kl. 9-14 á föstudögum. Þessi breyting er til komin vegna þess að greining vinnuréttarsviðs sýnir að mun fleira félagsfólk nýtir sér rafrænar samskiptaleiðir og til þess að geta þjónustað þennan hóp þarf að taka frá hluta dagsins í þessa vinnu. Önnur stór breyting á árinu var að ráðinn var lögmaður inn á sviðið. Það er hluti þeirrar stefnu sem mörkuð var að auka faglega þekkingu inni á sviðinu, en einnig að lækka rekstrarkostnað sviðsins með því að útvista færri málum. Þessi breyting hefur reynst vinnuréttarsviði afar farsæl og hefur haft mikil og jákvæð áhrif á störf sviðsins.



Fjöldmörg önnur verkefni voru á borði vinnuréttindasviðs þetta árið. Starfsfólk kenndi á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn, fulltrúar vinnuréttarsviðs veita umsögn um atvinnuleyfi sem berast til vinnumála-stofnunnar, auk fjölda annarra mála. Eftir viðburðaríkt ár horfir vinnuréttarsviðið björtum augum til framtíðar. Skipulagsbreytingarnar og sú mikla vinna sem hefur verið varið í endurskipulagningu, endurskoðun ferla og breytingar á verklagi mun skila verulegum ávinningi fyrir félagsfólk á árinu 2023 í formi styttri vinnslutíma mála og betri þjónustu. Vinnuréttarsvið tekur fagnandi á móti nýjum áskorunum og væntir þess að bæta enn þjónustu félagsfólks á árinu 2023.

## Heimsóknir á skrifstofu Eflingar 2022



## Þjónustusvið

### Starfsemi þjónustusviðs 2022

Framlína skrifstofu Eflingar er þjónustusviðið sem svarar almennum fyrirspurnum Eflingarfélaga á skrifstofu Eflingar, í gegnum síma eða í gegnum tölvupóst. Þjónustusviðið sér einnig um að afgreiða umsóknir um sjúkradagpeninga, styrki úr sjúkra-, orlofs- og fræðslusjóðum og afgreiðslu á vefverslun Eflingar sem er aðgengileg í gegnum Mínar Síður.

Heildarfjöldi heimsókna á skrifstofu Eflingar árið 2022 var 7.663. Að undanskildum lokunum vegna Covid-19 árið 2021 hefur fjöldi félagsfólks sem mætir á skrifstofuna haldið áfram að lækka á milli ára.

Félagsfólk er í auknum mæli að sækja sér þjónustu rafrænt þá með tölvupósti eða í gegnum Mínar Síður.

### Mínar Síður

Mínar Síður Eflingar voru teknar í notkun í mars 2021. Í upphafi var einungis hægt að sækja rafrænt um styrki í sjúkra- og fræðslusjóði, skoða iðgjaldasögu, sjá stöðu innsendra umsókna og komast inn á bókunarvef orlofshúsa. Mínar Síður hafa verið í stöðugri þróun frá upphafi.

Á árinu 2022 var bætt við söluvef fyrir ferðaávisanir, Útilegukortið og Veidikortið. Þróun hélt áfram á Mínum Síðum og nýjasta

viðbótin er að félagsfólk getur núna skilað umsóknnum fyrir sjúkradagpeninga í gegnum vefinn og þar með er hægt að nálgast alla þjónustuþætti sviðsins rafrænt. Míнар síður voru þróaðar með það að leiðarljósi að notendaupplifun sé jafngóð í tölvum og snjalltækjum. Um 65% heimsóknna á Míнар Síður árið 2022 voru frá snjalltækjum sem er um 10% aukning frá fyrra ári.

## Sjúkrasjóður

### Sjúkradagpeningar


Árið 2022 fengu 1.312 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga og nam heildarupphæð dagpeninganna 1.208 milljónum króna. Greiðslur vegna sjúkradagpeninga hækkuðu um rúm 53% á milli ára og fjöldi styrkþega jókst um rúmlega 41%. Mikil aukning hefur verið milli ára á þeim sem sækja sjúkradagpeninga. Þessi aukning hefur verið hjá öllum hópum óháð aldri, kyni og þjóðerni, en þó mismikil eftir hópum.

Þegar þróun er skoðuð út frá aldri þá fara greiðslur hækkanði hjá öllum aldurshópum, en hækkanin er mest áberandi hjá einstaklingum undir 30 ára aldri. Aukning í fjölda greiddra daga vegna sjúkradagpeninga hefur aukist verulega hjá yngri hópum, fjöldi greiddra daga vegna sjúkradagpeninga hjá aldrinum 20-29 ára hefur aukist úr 6.320 dögum árið 2021 í 15.817 daga árið 2022. Lengd tíma sem einstaklingar eru á sjúkradagpeningum hefur ekki breyst marktækt og er breytingin bundin við þá miklu fjölgun í einstaklingum sem sækja greiðslur vegna sjúkradagpeninga.

### Styrkir

Árið 2021 voru greiddir 9.950 styrkir úr sjúkrasjóði til 6.168 félagsfólks. Alls voru greiddar tæplega 195 milljónir í styrki og hækkuðu greiðslur um rúm 6% á milli ára. Líkamsræktarstyrkur var algengasta tegund styrkja, þar á eftir styrkur vegna viðtalsmeðferða sem hefur aukist um 23% á milli ára. Flestir styrkþegar voru á aldrinum 20-29 ára og nýttu fleiri konur en karlar sér styrki sjúkrasjóðs.

### Þróun sjúkradagpeninga greiðslna eftir aldurshópum árin 2021 og 2022



Meðalafgreiðslutími sjúkrasjóðsbeiðna var almennt um sex dagar í byrjun árs. Eftir stefnumarkandi ákvarðanir stjórnar fyrri hluta árs 2022 hefur meðalafgreiðslutími sjúkrasjóðsbeiðna lækkað og var á síðasta ársfjórðungi 2022 einungis tveir dagar. Með stefnubreytingum og breyttum áherslum hefur náðst mikill árangur í skilvirkni er varðar afgreiðslutíma sem kemur sér vel fyrir félagsfólk.

## Fræðslusjóður

Árið 2022 voru greiddir 5.183 styrkir til 4.142 félagsfólks. Fjöldi styrkja fjölgaði um 14% og um 13% fleiri félagsmenn sóttu um styrki miðað við árið á undan. Greiddar voru alls 340 milljónir kr. og er það hækkun um rúm 27% milli ára. Meðalafgreiðslutími fræðslusjóðsbeiðna var um sjö dagar í byrjun árs. Á síðasta ársfjórðungi 2022 hafði afgreiðslutíminn lækkað í fimm daga. Vegna eðlis umsókna og flókans umsóknarferlis hefur ekki gengið jafn vel að stytta afgreiðslutímamann eins og í sjúkrasjóði. Með aðkomu Tótal félagakerfis munu skapast tækifæri árið 2023 til að stytta afgreiðslutímamann enn frekar.

## Orlofsmál

Óhætt er að segja að umhverfi orlofsmála hjá Eflingu hafi tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum með mikilli fjölgun orlofseigna og ekki síður breytingu hvað varðar aldurssamsetningu eignasafnsins. Með miklu endurnýjunarátaki er nú stór hluti orlofshúsanna nýr eða nýlegur sem hefur gerbreytt viðhaldspörfinni og skapað meira svigrúm til að bæta við orlofshúsum.

Stærsta einstaka verkefnið hefur verið að byggja upp hverfi 12 nýrra húsa í Stóra-Fljóti í Reykholti í Bláskógabyggð en þau eru nú komin í fulla notkun og njóta fádæmra vinsælda allan ársins hring.

Með tilkomu þeirra má segja að mesti þunginn í orlofsmálum Eflingar hafi færst þangað enda húsin sjálf, allt umhverfi, útsýni og staðsetning fyrsta flokks þar sem allt er sannarlega í fremstu röð hvað kröfur og gæði varðar.

Samhliða þessu verkefni hefur uppbyggingu verið haldið áfram í orlofsbyggðinni í Svignaskarði en þar hafa verið byggð 11 ný hús á síðustu árum og þar með á félagið nú 17 hús í þeirri gamalgrónu orlofsbyggð auk þriggja stakra húsa á landinu. Orlofssjóður Eflingar er eigandi jarðarinnar Svignaskarð og hefur verið í forystu um uppbyggingu og eflingu byggðarinnar þar í gegnum árin.

Samhliða þessu hefur einnig verið bætt við eignum víðar um land. Eftirspurn er eftir húsum í bæjarfélögum sem eru vinsæl til orlofsdvalar eins og í Stykkishólmi og á Akureyri. Til að mæta því voru á síðasta ári keyptar tvær raðhúsaíbúðir í Stykkishólmi til viðbótar við eina sem fyrir var og einnig keypt raðhúsaíbúð á Akureyri þannig að þar eru nú fjögur raðhús og fjórar blokkaríbúðir.

Þá var keypt nýlegt og glæsilegt sumarhús í landi Svignaskarðs, Skarðslækur, sem stendur eitt og sér í afar fögru og gróðursælu umhverfi.

## Fjárhagur

Óhætt er að segja að Orlofssjóður standi traustum fótum, fjárhagur sterkur og vel í stakk búinn að takast á við áframhaldandi vöxt og fjölgun húsa. Þrátt fyrir mikla uppbyggingu og endurbætur eigna hefur verið góður afgangur af rekstri sjóðsins undanfarin ár og voru tekjur umfram gjöld vel yfir 200 milljónir á síðasta starfsári. Sem fyrr er langstærstur hluti tekna sjóðsins í formi umsaminna orlofssjóðs iðgjalda en minni hluti eru leigutekjur orlofshúsa eða rétt um 20% teknanna. Þá eru eignir í orlofshúsum og orlofsbyggðum rétt um 2 milljarðar.

## Framkvæmdir - rekstur

Þó svo að mikil umsvif séu vegna þeirra nýframkvæmda sem hér eru nefndar er það daglegur rekstur orlofshúsanna sem er, líkt og áður langfyrirferðamesti þátturinn í starfseminni. Undir það fellur allt hefðbundið viðhald, eftirlit og eðlileg endurnýjun á búnaði orlofshúsanna.

Með aukinni nýtingu húsa, bæði sumar og vetur, verður meiri þörf fyrir stöðugra eftirlit og jafnara viðhald, bæði húsanna og alls búnaðar. Meiri notkun kallar á örari endurnýjun og er reynt að bregðast við því jöfnum höndum.

Viðamestu viðhaldsverkefni á árinu voru hins vegar endurbætur á raðhúsum í Stykkishólmi og eru þær enn í gangi svo og við raðhúsaíbúðir á Akureyri. Hafist var handa við að endurbyggja tvö orlofshús Eflingar á Illugastöðum í Fnjóskadal, viðamiklar endurbætur á þökum og útveggjum húsa á Einarstöðum á

Fljótsdalshéraði, endurnýjun ytra byrðis húsa í Ölfusborgum svo fátt eitt sé nefnt. Auk hefðbundins reksturs orlofshúsa stendur orlofssjóður einnig fyrir sölu á Veiði- og Útilegukortum, afsláttarmiðum hjá Icelandair og Úrval Útsýn og niðurgreiðir gistingu til félagsmanna sem kaupa gistingu á ferðalögum innanlands. Þegar allt er talið njóta um 4500 félagar Eflingar þjónustu orlofssjóðs með beinum hætti í formi orlofshúsa og kortasölu.



## Næstu skref

Í dag á Orlofssjóður Eflingar 71 orlofshús og íbúðir og hefur þeim fjölgað ört síðustu misseri. Stjórn Orlofssjóðs hefur undanfarið fjallað um næstu stóru skref í þeim tilgangi að bæta enn við í orlofsmálum félagsins. Mikill vilji er til að halda áfram öflugri uppbyggingu og fjölga enn orlofskostum og mæta þannig síaukinni eftirspurn félagsmanna. Í þeim tilgangi samþykkti stjórn orlofssjóðs að ganga til samninga um byggingu fjögurra nýrra orlofshúsa í Svignaskarði og hefur stjórn Eflingar staðfest það með samþykkt sinni. Verður hafist handa við framkvæmdir á þessu ári og hluti húsanna tekin í notkun á fyrri hluta árs 2024. Er þetta mikilvægur áfangi á þeirri vegferð að bæta við húsakostinn á hverju ári.

Einnig hefur verið fjallað um framtíðarkosti í uppbyggingu orlofsmála til lengri tíma. Orlofssjóður Eflingar á landareignir sem koma sterkt til álita í því samhengi eins og jörðina Svignaskarð, landspildu í Skorradal og aðra í Stóra-Fljóti í Bláskógabyggð.

Í Svignaskarði má segja að lítill hluti landsins sé í notkun í dag eða aðeins sá skiki sem orlofsbyggðin stendur á, auk þriggja stakra húsa í eigu Eflingar. Þar gætu verið miklir möguleikar í framtíðinni að byggja upp ferðatengda aðstöðu fyrir félagsfólk Eflingar og skipuleggja frekari byggingar. Aðrir möguleikar á landsspildum félagsins eru einnig til skoðunar svo sem að byggja í Hvammi í Skorradal og Stóra-Fljóti en engar ákvarðanir liggja fyrir þar að lútandi.

## VIRK starfsendurhæfing


Í kjölfar veikinda eða slysa eiga félagsmenn Eflingar kost á starfsendurhæfingu hjá VIRK. Alls eru sex ráðgjafar VIRK sem styðja félagsmenn Eflingar í endurkomu á vinnumarkað. Ráðgjafar VIRK eru með á bilinu 35-40 einstaklinga í þjónustu hverju sinni. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og er sniðin persónulega að þörfum og heilsubresti hvers félagsmanns.

Þjónustan er gríðarlega verðmæt fyrir félagsmenn Eflingar sem og samfélagið í heild sinni. Ávallt setur félagsmaður, ásamt ráðgjafa, sér markmið í upphafi starfsendurhæfingar sem miðar að endurkomu á vinnumarkað.

## Árangur starfsendurhæfingar VIRK

Alls lauk 217 félagsfólks Eflingar starfsendurhæfingu hjá VIRK árið 2022 og voru 84% þeirra með vinnugetu. Um 60% þeirra voru með framfærslu af launum, námslánnum eða í virkri atvinnuleit við lok starfsendurhæfingar sem teljast verður góður árangur miðað við að um 30% þeirra voru með þá framfærslu skráða við upphaf starfsendurhæfingar. Hlutfall kynjanna skiptist þannig að 40,1% félagsfólks sem lauk þjónustu voru karlar en 59,9% voru konur. Stærsti hluti félagsfólks var á aldursbilinu 20-39 ára og var meðallengd í þjónustu hjá félagsfólki Eflingar 12,8 mánuðir. Af myndinni má sjá að framfærsla félagsfólks Eflingar hafi styrkst við lok starfsendurhæfingar hjá VIRK.

**Framfærsla félagsmanna Eflingar sem luku þjónustu 2022 í upphafi þjónustu og við lok þjónustu**





## Gildi lífeyrissjóður 2022

Ávöxtun samtryggingardeildar Gildis var ekki góð á árinu 2022 enda voru markaðsaðstæður erfiðar og fáir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun. Hrein nafnávöxtun nam -2,2% sem þýddi raunávöxtun upp á -10,6%. Erlend og innlend hlutabréf skiluðu heilt yfir neikvæðri ávöxtun, að

undanskildum óskráðum fjárfestingum í hlutabréfum, framtakssjóðum, fasteignasjóðum og innviðasjóðum. Þá leið ávöxtun skuldabréfa sjóðsins fyrir neikvæð áhrif hækkandi vaxtastigs og aukinnar verðbólgu. Styrking erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni dró úr neikvæðri ávöxtun ársins.

### Hrein nafn- og raunávöxtun (allar deildir)

HREIN NAFNAVÖXTUN	HREIN RAUNÁVÖXTUN	HREIN RAUNÁVÖXTUN
<b>Samtryggingardeild</b>	<b>-2,2%</b>	<b>-10,6%</b>
<b>Framtíðarsýn 1</b>	<b>-5,8%</b>	<b>-13,9%</b>
<b>Framtíðarsýn 2</b>	<b>-4,4</b>	<b>-12,6%</b>
<b>Framtíðarsýn 3</b>	<b>-9,1%</b>	<b>-0,2%</b>

Gildi er fjölmennasti lífeyrissjóður landsins, en sjóðfélagar með réttindi í samtryggingardeild voru 263.689 í lok árs 2022. Rétthafar í séreignardeild sjóðsins voru 37.077. Á árinu 2022 greiddu 7.537 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir 57.580 sjóðfélaga. Iðgjaldagreiðslur námu samtals 41.943 millj. kr.

Rekstrarkostnaður sjóðsins 2022 nam samtals 1.325 millj. kr. en var 1.154 millj. kr. á árinu 2021. Heildarlaunagreiðslur námu 781 millj. kr. en þar af námu laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra 63,3 millj. kr. Starfsmenn sjóðsins voru 46 í árslok 2022 samanborið við 41 starfsmann í lok árs 2021. Stöðugildi voru 42,4 á árinu 2022 en 39,9 á árinu 2021 og fjölgaði því um 2,5 milli ára.

## Staða í árslok eftir deildum

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir; samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 905.475 millj. kr. í árslok 2022 og lækkaði á árinu um 3.000 millj. kr. Hrein eign séreignardeildar nam hins vegar 7.033 millj. kr. í árslok 2022. Tilgreind séreignardeild var stofnuð 1. júlí 2017 og nam hrein eign hennar í lok ársins 2022 samtals 743,8 millj. kr. Innan tilgreindrar séreignardeildar eru þrjár ávöxtunarleiðir sem eru þær sömu og í séreignardeild sjóðsins.

## Iðgjöld, fjöldi sjóðfélaga og launagreiðenda

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 23.742 millj. kr., en voru 21.004 millj. kr. árið 2021. Ellilífeyrir nam 15.691 millj. kr., örorkulífeyrir 6.679 millj. kr., makalífeyrir 1.177 millj. kr. og barnalífeyrir 181 millj. kr. Tímabundin útgreiðsla séreignar nam 14 millj. kr. Hjá samtryggingardeild voru ellilífeyrisþegar 17.495, örorkulífeyrisþegar 6.736, makalífeyrisþegar 2.019 og 1.055 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 27.305.

## Örorkulífeyrir – örorkuframlag

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins og með því hæsta sem þekkist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubrýði hafa lífeyrissjóðir fengið framlag úthlutað frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Framlagið nam rúmlega 2.238 millj. kr. á

árinu 2022 og nýtti Gildi það eins og síðustu ár til þess að hækka lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega og iðgjöld sjóðfélaga um 4%. Stjórn sjóðsins telur hins vegar að framlagið sé ekki nægilega hátt og að skiptingin milli lífeyrissjóða sé ekki nægilega vel útfærð til að jafna stöðu þeirra. Nú liggur fyrir að örorkuframlagið dugar ekki til að standa undir 4% hækkun. Í samræmi við tillögu tryggingafræðings sjóðsins mun stjórn sjóðsins leggja til á ársfundi 2023 að framlagið verði nýtt til þess að hækka iðgjöld um 3,6% og lífeyrisgreiðslur um 3% og að breytingin taki gildi í ársbyrjun 2024.

## Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2022. Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 63.455 millj. kr. eða um 3,9%, en var jákvæð um 1,4% í árslok 2021. Veikingu tryggingafræðilegrar stöðu á árinu 2022 má að mestu rekja til neikvæðrar raunávöxtunar eigna og hækkunar áfallinna skuldbindinga vegna 9,3% hækkunar vísitölu neysliverðs.

## Nýjar dánar- og eftirlifendatöflur og breytingar á réttindum sjóðfélaga

Fjármála- og efnahagsráðherra gaf út nýjar dánar- og eftirlifendatöflur í desember 2021, að fengnu álitum Félags íslenskra trygginga- stæðfræðinga. Þessar töflur fela í sér nýja aðferð við mat á dánar- og lífslíkum þar sem nú er gert ráð fyrir því að hver árgangur karla og kvenna hafi sínar eigin lífslíkur.



Þá er gert ráð fyrir því að yngri árgangar muni lifa lengur en þeir sem eldri eru með spá fram í tímann.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs ákvað að innleiða nýjar dánar- og eftirlifendatöflur við tryggingafræðilega úttekt hans fyrir árið 2021. Í kjölfarið jukust skuldbindingar sjóðsins ásamt því að réttindatafla sjóðsins var of há miðað við þessar nýju forsendur.

Stjórn sjóðsins lagði til mótvægisáðgerðir af þessum sökum sem samþykktar voru á ársfundi í apríl 2022. Gerðu áðgerðirnar ráð fyrir því að lífeyristökualdur sjóðfélaga héldist óbreyttur en að réttindi sjóðfélaga yrðu endurreiknuð miðað við nýjar forsendur. Gert var ráð fyrir því að áunnin réttindi lækkuðu háð aldri svo að áfallnar skuldbindingar héldust óbreyttar á heildina lítið við innleiðingu á nýjum lífslíkum. Allir árgangar fengu síðan sömu 15% hækkun réttinda. Heildaráhrif áðgerðanna voru jákvæð á áunnin réttindi allra sjóðfélaga en áhrifin voru mismikil eftir árgöngum, á bilinu 1,2%–10,3%. Til framtíðar var innleidd ný réttindatafla sem er lægri miðað við 67 ára aldur en verið hefur sökum þess að nýjar forsendur gera ráð fyrir lengri lífaldri árganga.

Ef lífaldur heldur áfram að aukast í samræmi við spá (sem er endurskoðuð reglulega) þarf að leiðrétta réttindatöfluna lítilla til lækkunar á nokkurra ára fresti að öðru óbreyttu. Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti breytingar á samþykktunum 13. desember og tóku breytingarnar gildi 1. janúar 2023. Lífeyrisgreiðslur fyrir janúarmánuð 2023 til ellilífeyrisþega 67 ára og eldri og örorku- og makalífeyrisþega hækkuðu þá um 10,5%.

## Sjóðfélagalán

Árið 2022 veitti sjóðurinn alls 954 ný sjóðfélagalán að fjárhæð 22.564 millj. kr. en árið áður voru veitt 1.005 lán að fjárhæð 20.623 millj. kr. Um lítilsháttar fækkun lána er því að ræða milli ára en hins vegar hækkaði heildarfjárhæð lána, sem skýrist m.a. af hækkingu fasteignaverði og þeirri staðreynd að Gildi hækkaði hámarksfjárhæð lána á árinu 2021. Talsverðar breytingar urðu á lánakjörum sjóðsins á árinu 2022 þar sem vextir á Íslandi fóru almennt hækkingu. Þar höfðu hækkanir á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands meðal annars áhrif.

## Erlendar fjárfestingar

Stefna Gildis og hluti af áhættustýringu sjóðsins er að eiga vel dreift eignasafn sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Fjárfestingareignir sjóðsins í erlendri mynt námu 300.495 millj. kr. í árslok 2022 og drógust saman um 19.357 millj. kr. frá fyrra ári. Sjóðurinn keypti erlend verðbréf fyrir 11.500 millj. kr. umfram þau sem hann seldi á árinu 2022. Samhliða verðlækkunum á erlendum mörkuðum lækkaði hlutfall fjárfestingareigna sjóðsins í erlendri mynt úr 36,3% í ársbyrjun í 33,9% í árslok.



Gildi hefur sett sér markmið um frekari fjárfestingar erlendis á komandi árum, með áherslu á að auka við fjölbreytni í eignadreifingu innan erlendra eignaflokka. Með því móti er jafnframt dregið úr áhættu varðandi innlendar eignir. Hefur sjóðurinn væntingar um auknar heimildir íslenskra lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis á komandi árum en samkvæmt núgildandi lögum má vægi erlendra eigna ekki fara umfram 50%. Í fjárfestingarstefnu setur sjóðurinn sér markmið um hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum. Markmið sjóðsins fyrir samtryggingardeild gerir ráð fyrir að vægi eigna í erlendri mynt verði aukið í 37% á árinu 2023. Á sama tíma er markmið um vægi erlendra eigna séreignarleiða sjóðsins heldur lægra eða 26% hjá Framtíðarsýn 1, 18% hjá Framtíðarsýn 2 og 0% hjá Framtíðarsýn 3.

## Skuldabréf ÍL-sjóðs

Þann 20. október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs (áður Íbúðalánasjóðs) og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF-skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur. Í framhaldi af tilkynningunni hækkaði ávöxtunarkrafa á markaði og virði bréfanna í eigu sjóðsins lækkaði að meðaltali um 13,4%. Gildi lífeyrissjóður og aðrir lífeyrissjóðir hafa hafnað viðræðum við ríkið um uppgjör nema að þær miðist við fullar efndir samkvæmt skilmálum skuldabréfanna og taki þá tillit til vaxtagreiðslna í framtíðinni, enda skuldabréfin án heimildar til uppgreiðslu.

## Hluthafastefna

Stjórn Gildis hefur áfram fylgt eftir áherslum í hluthafastefnu sjóðsins sem samþykkt var í ársbyrjun 2015 og uppfærð haustið 2018. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti Gildis lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Stjórn sjóðsins vill sem eigandi og fjárfestir á markaði stuðla að auknu gagnsæi. Markmiðið er meðal annars að beita sér sem eigandi í félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni félaganna auk ábyrgtra stjórnarháttanna.

Sjóðurinn hefur með markvissum hætti komið áherslum sínum á framfæri við þau félög sem falla undir hluthafastefnu sjóðsins. Sem dæmi þá beitti Gildi sér ýmist með þeim hætti að greiða atkvæði gegn tillögum eða fyrir breytingum á starfskjarastefnum og/eða tillögum um kauprétti á aðalfundum Icelandair, Marel, Skeljar, Arion, Símans og Kvikú. Þá birtir Gildi yfirlit á heimasíðu sinni yfir það hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á aðalfundum hlutafélaga og hefur sá háttur verið hafður á frá árinu 2016.

**#VIÐERUMÖLL  
EFLING**

# Efling - stéttarfélag

Samstæðuársreikningur

**2022**

Efling - stéttarfélag  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík  
kt. 701298-2259

# Efling - stéttarfélag

Samstæðuársreikningur

---

**2022**

---

Áritun óháðs endurskoðanda	35
Skýrsla stjórnar	37
Samstæðureikningur	38
Samandreginn reikningur	49

---

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Eflingar-stéttarfélags

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eflingar-stéttarfélags fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2022, efnahag hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Eflingu- stéttarfélagi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og formanns á samstæðuársreikningnum

Stjórn og formaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Stjórn og formaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og formaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Eflingar stéttarfélags.

Ef við á, skulu stjórn og formaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og formaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega

endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt ma stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar

hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda


---

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 24. apríl 2023

**Deloitte ehf.**

  
Árni Þór Vilhelmsson  
endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir félagslega kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið þennan samstæðuársreikning og með tilvísun til áritunar endurskoðanda félagsins leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 24. apríl 2023

  
Valtýr Björn Thors

  
Magnús Freyr Magnússon

## Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Eflingar-stéttarfélags fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Gjöld umfram tekjur á árinu 2022 nema kr. -9.402.449. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 13.950.276.745, bókfært eigið fé í árslok er kr. 13.752.352.084 og er eiginfjárlutfall félagsins 98,58%.

Stjórn félagsins vísar í samstæðuársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun ársins.

Megin hlutverk Eflingar-stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa- og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum. Efling-stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölpætta þjónustu á þessum sviðum.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Eflingar-stéttarfélags að í samstæðuársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Eflingar-stéttarfélags staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2023

### Í stjórn

Sólveig Anna Jónsdóttir  
 Guðbjörg María Jónsdóttir  
 Kolbrunn Valvassdóttir  
 Olga Leonsdóttir  
 Innocentia F-F  
 Stefan E. Szudom  
 ÍSAK JÓNSSON  
 Ösp Randalsson  
 Michael Bragi Whalley

Perla Ösp Þórisdóttir  
 Framkvæmdastjóri

## Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Iðgjöld .....		2.641.367.293	2.430.019.099
Leiga á orlofshúsum .....		72.884.680	73.866.031
Aðrar tekjur .....	3	62.784.894	126.399.974
		<u>2.777.036.867</u>	<u>2.630.285.104</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Greiðslur til ASÍ og SGS .....		160.595.320	132.464.495
Bætur og styrkir .....	4	1.413.065.142	975.749.529
Rekstur orlofshúsa .....		163.201.324	148.612.225
Annar kostnaður orlofssjóðs .....		8.338.441	6.778.086
Námskeið félagsmanna .....		5.684.632	6.479.345
Kynningar og markaðsátak .....		19.549.267	64.066.405
Fundir, útgáfa og ferðir félagsmanna .....		33.036.284	22.595.192
Kostnaður v/kjarasamninga .....		12.496.195	638.600
Skráningarþjónusta iðgjalda .....		108.453.436	93.612.846
Laun og launatengd gjöld .....	5	542.170.680	692.828.346
Annar rekstrarkostnaður .....	6	282.136.570	223.193.285
Afskriftir fastafjármuna .....	11	43.394.465	54.566.525
		<u>2.792.121.756</u>	<u>2.421.584.879</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		(15.084.889)	208.700.225
Fjármunatekjur .....	7	408.978.476	183.181.736
Fjármagnsgjöld .....	8	(9.967.406)	(3.860.644)
Gengisbreyting verðbréfa .....	9	(284.207.738)	255.066.922
Fjármagnstekjuskattur .....	17	(109.120.892)	(99.977.593)
<b>Gjöld umfram tekjur</b>		<u>(9.402.449)</u>	<u>543.110.646</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Orlofshús .....	10	2.063.969.704	1.614.304.533
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi .....	11	401.134.137	408.378.496
Áhöld, tæki og innréttingar .....	11	87.763.492	93.546.337
Skuldabréfaeign og verðbréfasjóðir .....	12	4.908.255.531	5.652.459.844
Bundnar innstæður .....	13	5.164.096.996	5.315.591.191
		<u>12.625.219.860</u>	<u>13.084.280.401</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Útistandandi iðgjöld .....	14	234.383.657	440.717.769
Víðskiptakröfur .....	15	11.583.108	19.424.182
Aðrar skammtímakröfur .....	15	85.753.079	13.930.192
Handbært fé .....	15	993.337.041	371.319.181
		<u>1.325.056.885</u>	<u>845.391.323</u>
<b>Eignir</b>		<u>13.950.276.745</u>	<u>13.929.671.724</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Sérstakur endurmatsreikningur .....	16	501.041.825	258.085.039
Óráðstafað eigið fé .....		<u>13.251.310.259</u>	<u>13.260.712.708</u>
Eigið fé		<u>13.752.352.084</u>	<u>13.518.797.747</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur .....	17	43.826.115	237.048.227
		<u>43.826.115</u>	<u>237.048.227</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....	18	154.098.546	173.825.750
		<u>154.098.546</u>	<u>173.825.750</u>
Skuldir		<u>197.924.661</u>	<u>410.873.977</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>13.950.276.745</u>	<u>13.929.671.724</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Gjöld umfram tekjur .....		(9.402.449)	543.110.646
Afskriftir .....	10	43.394.465	54.566.525
(Lækkun), hækkun skuldbindinga .....		(193.222.112)	25.608.812
Verðbætur og gengismunur af eignum og skuldum .....		280.492.351	(259.925.851)
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>121.262.255</b>	<b>363.360.132</b>
Rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) .....		142.352.295	(73.013.090)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) .....		(19.727.204)	(6.852.722)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>243.887.346</b>	<b>283.494.320</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir (keyptir) .....	10	(237.075.646)	(271.462.292)
Skuldabréf seld .....		832.486.616	257.739.242
Afborganir skuldabréfa .....		230.488.687	241.270.324
Verðbréf (keypt) .....		(599.263.338)	(614.070.484)
Bundnar bankainnstæður lækkun (hækkun) .....		151.494.195	(52.847.631)
		<b>378.130.514</b>	<b>(439.370.841)</b>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		622.017.860	(155.876.521)
Handbært fé í upphafi árs .....		371.319.181	527.195.702
Handbært fé í lok árs .....		<b>993.337.041</b>	<b>371.319.181</b>

## Skýringar

---

### 1. Starfsemi

Efling-stéttarfélag var stofnað í desember 1998 og tók til starfa um áramótin 1999. Félagsmenn eru um 28.000. Efling-stéttarfélag er með heimilisfesti á Íslandi og er aðalskrifstofa félagsins starfræk á lögheimili þess að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

Megin hlutverk Eflingar-stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa- og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum. Efling-stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölbætta þjónustu á þessum sviðum.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Eflingar-stéttarfélags er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

#### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

#### Skráning tekna

Iðgjöld eru tekjufærð við greiðslu byggðar á skilagreinum frá Gildi lífeyrissjóði sem hefur umsjón með innheimtu iðgjalda félagsins.

Leigutekjur af orlofshúsum eru tekjufærðar við nýtingu orlofshúsa.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

#### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

Eignarhlutdeild Orlofsjóðs í sameiginlegri eign orlofsbyggða er reiknuð af hreinni eign orlofsbyggðanna í árslok 2021. Orlofshús eru tilfærð á gildandi fasteignamatsverði í árslok 2022.

Veitumannvirkið í Hvammi er metið á kaupverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir miða við 10 ára endingartíma.

## Skýringar

### 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Skattamál

Efling - stéttarfélag er undanþegið skattskyldu og greiðir engan tekjuskatt en félagið greiðir fjármagnstekjuskatt.

#### Verðbréf

Verðbréf, önnur en hlutabréf, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur bréf eru færð til eignar miðað viðávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Hlutabréf eru eignfærð á upphaflegu kaupverði.

#### Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

#### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 3. Aðrar tekjur

	2022	2021
Húsaleigutekjur .....	21.120.547	16.485.207
Þöknun frá Virk .....	41.664.347	107.436.593
Aðrar tekjur .....	0	2.478.174
	<u>62.784.894</u>	<u>126.399.974</u>

### 4. Bætur og styrkir

Sjúkradagpeningar .....	1.208.421.594	787.716.322
Sjúkra/endurþjálfun .....	19.999.526	16.049.571
Gleraugnastyrkur .....	33.065.512	32.512.405
Krabbameinsskoðun .....	6.300.282	2.982.300
Heilsurækt .....	68.380.681	57.825.396
Dánarbætur .....	15.577.179	20.708.970
Tæknifrjógvun .....	6.795.218	8.708.549
Heyrnartækjastyrkur .....	2.992.677	2.930.797
Laser augnaðgerðir .....	3.664.610	5.693.500
Sál- félags-viðtalsmeðferðir .....	40.531.209	35.672.602
Ýmsir styrkir .....	7.336.654	4.949.117
	<u>1.413.065.142</u>	<u>975.749.529</u>

## Skýringar

### 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun .....	426.197.454	554.084.524
Lífeyrissjóður .....	63.570.502	78.778.760
Önnur launatengd gjöld .....	42.227.496	49.850.240
Annar starfsmannakostnaður .....	10.175.228	10.114.822
	<u>542.170.680</u>	<u>692.828.346</u>
Stöðugildi í árslok .....	26	58
Stöðugildi að meðaltali .....	39	57

### 6. Annar rekstarkostnaður

	2022	2021
Endurskoðun og uppgjör (Deloitte ehf.) .....	8.057.614	9.063.198
Bókhaldsaðstoð (Deloitte ehf.) .....	5.136.534	4.789.769
Lögfræðileg aðstoð vegna kjaramála .....	55.359.587	45.224.328
Lögfræðileg aðstoð- önnur .....	27.018.245	9.781.762
Sérfræðikostnaður .....	30.096.748	6.824.319
Bífreiðakostnaður, leigubílar og sendibílar .....	2.618.958	1.929.899
Pappír, prentun, tímarit, símakostnaður og burðargjöld .....	8.033.570	12.153.433
Rekstur tölvukerfis .....	40.948.106	37.693.029
Námskeið starfsmanna .....	1.432.284	1.003.866
Ráðningarkostnaður starfsmanna .....	14.563.800	4.497.802
Viðhald áhalda .....	218.715	1.928.942
Rekstur mótuneytis .....	11.648.419	13.672.080
Blóm og gjafir .....	43.850	35.295
Hreinlætisvörur, hreingerningar, sorpa og annar kostnaður .....	17.241.282	17.628.938
Húsaleiga og annar fasteignakostnaður .....	59.718.858	57.459.773
Hluti Starfsafl í rekstri .....	0	(493.148)
	<u>282.136.570</u>	<u>223.193.285</u>

### 7. Fjármunatekjur

	2022	2021
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	393.006.124	167.644.318
Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum .....	13.268.473	7.844.723
Vaxtatekjur af öðrum skammtímakröfum .....	6.579	5.511.095
Arður .....	2.697.300	2.181.600
	<u>408.978.476</u>	<u>183.181.736</u>

### 8. Fjármagnsgjöld

	2022	2021
Þóknun vegna verðbréfaþaupa .....	(1.652.681)	(1.587.596)
Önnur vaxtagjöld .....	(6.087.677)	(2.273.048)
	<u>(9.967.406)</u>	<u>(3.860.644)</u>

## Skýringar

### 9. Gengisbreyting verðbréfa

	2022	2021
Vextir og gengismunur af verðbréfacign .....	(284.207.738)	255.066.922
	(284.207.738)	255.066.922

### 10. Orlofsbyggðir og orlofshús

	Fasteignamat
Orlofsbyggðin Ölfusborgum .....	31.470.929
Orlofsbyggðin Illugastöðum .....	5.423.721
Orlofsbyggðin Flókalundi .....	2.111.999
Orlofsbyggðin Svignaskarði .....	14.213.579
Ölfusborgir 10 hús .....	174.174.517
Illugastaðir 2 hús .....	29.050.000
Svignaskarð 17 hús .....	432.280.000
Svignaskarð/Fróðhús, jarðir ásamt byggingum og íbúðarhúsi í Skarði .....	86.552.000
Einarstaðir 3 hús .....	46.000.000
Akureyri 4 íbúðir, 4 radhús .....	310.450.000
Hvammur 1 hús ásamt sumarhústaðalöndum .....	94.480.000
Veitumannvirki Hvammi .....	3.212.959
Flókalundur 2 hús .....	16.080.000
Úthlíð 2 hús .....	51.670.000
Kirkjubæjarklaustur 2 hús .....	33.100.000
Svignaskarðsland 2 hús .....	57.850.000
Stykkishólmur 3 hús .....	96.750.000
Brekkuskógur 3 hús .....	110.500.000
Hellishólar .....	45.250.000
Hólmavík .....	17.400.000
Stóra-Fljót Reykholti, 12 hús .....	405.950.000
Orlofsbyggðir og orlofshús samtals .....	<u>2.063.969.704</u>
	Fasteignir og lóðir
	<u>1.614.304.533</u>
Staða í ársbyrjun .....	206.708.385
Eignfært á árinu .....	242.956.786
Matsbreyting ársins skv. fasteignamati ríkisins .....	<u>2.063.969.704</u>
Staða í árslok .....	

## Skýringar

### 11.Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Fasteignir og lóðir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	183.734.376	784.354.127	968.088.503
Eignfært á árinu .....	30.367.261	0	30.367.261
Staða í árslok .....	214.101.637	784.354.127	998.455.764
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	90.188.039	375.975.631	466.163.670
Afskrift ársins .....	36.150.106	7.244.359	43.394.465
Staða í árslok .....	126.338.145	383.219.990	509.558.135
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	93.546.337	408.378.495	501.924.833
Bókfært verð í árslok .....	87.763.492	401.134.136	488.897.629
Afskriftarhlutföll .....	12-25%	0-1%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:			
	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Iðnó, Vonarstræti 3 .....	76.986.775	241.612.405	13.982.003
Breiðamörk 19 .....	58.300.000	85.950.000	47.776.033
Guðrúnartún 1 .....	1.067.150.000	1.715.500.000	339.376.101
	1.202.436.775	2.043.062.405	401.134.137

Efling-stéttarfélag á 28,33% í eigninni Vonarstræti 3. Reykjavíkurborg á 55% í eigninni og Sjómannafélag Íslands 16,67%.

Reykjavíkurborg annast rekstur og viðhald á eigninni Vonarstræti 3.

Efling-stéttarfélag á listasafn sem metið er á kr. 10.377.000 í lok árs.

## Skýringar

### 12. Skuldabréfaeign og verðbréfasjóðir

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Verðbréfasjóðir</b>		
Sjóðir hjá Landsbanka Íslands hf. ....	3.324.288.022	2.018.237.625
Sjóðir hjá Arion banka hf. ....	383.865.252	762.034.233
Sjóðir hjá Íslandsbanka hf. ....	0	453.291.700
Sjóðir hjá Íslensk verðbréf hf. ....	0	150.128.290
	<u>3.708.153.274</u>	<u>3.383.691.848</u>
<b>Skuldabréf skráð á markaði:</b>		
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins.....	1.198.888.900	1.715.311.779
Skuldabréf lánastofnana.....	653.981	638.793
Skuldabréf sveitarfélaga.....	0	551.794.526
	<u>1.199.542.881</u>	<u>2.267.745.098</u>
<b>Önnur skuldabréf</b>		
Önnur skuldabréf .....	559.376	1.022.898
	<u>559.376</u>	<u>1.022.898</u>
	<u>4.908.255.531</u>	<u>5.652.459.844</u>

Þann 20. október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs. Í kjölfarið urðu viðskipti á skuldabréfamarkaði með flokkana HFF150224, HFF150434 og HFF150644 á ávöxtunarkröfu sem endurspeglar uppreiknaðan höfuðstól bréfanna að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum.

### 13. Bundnar innstæður

	31.12.2022	31.12.2021
Bundnar innstæður - Landsbanki .....	4.739.588.832	3.016.876.860
Bundnar innstæður - Íslandsbanki .....	0	1.033.783.175
Bundnar innstæður - Arion banki .....	424.508.164	1.264.931.156
	<u>5.164.096.996</u>	<u>5.315.591.191</u>

### 14. Útistandandi iðgjöld

	31.12.2022	31.12.2021
Útistandandi iðgjöld .....	234.383.657	440.717.769
	<u>234.383.657</u>	<u>440.717.769</u>

Í ár var gerð breyting á aðferðafræði er snýr að tímabili útistandandi iðgjalda á þá leið að horft verður í tímabilið febrúar 2022 - janúar 2023 en á samanburðarárinu og árunum áður var fært miðað við tímabilið mars 2021 - febrúar 2022. Því er aðeins ein skilgrein útistandandi frá Gildi um áramótin en voru tvær árið áður. Skilgrein febrúar mánaðar 2023 er kr. 287.040.770 og hefði sömu aðferð verið beitt eins og árið áður hefðu útistandandi iðgjöld verið kr. 521.424.427 um síðustu áramót. Einnig hefði iðgjöld ársins í rekstri verið hærri um kr. 287.040.700.



## Skýringar

### 15. Aðrar peningalegar eignir

#### Viðskiptakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Innlendar viðskiptakröfur .....	11.583.108	19.424.182
	<u>11.583.108</u>	<u>19.424.182</u>

#### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Virk Endurhæfingarsjóður .....	0	8.941.812
Ýmsar aðrar kröfur .....	85.753.079	4.988.380
	<u>85.753.079</u>	<u>13.930.192</u>

#### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2022	31.12.2021
Veltureikningar - Landsbankinn hf. ....	981.845.945	276.990.976
Gjaldeyrisreikningar - Landsbankinn hf. ....	7.968.261	7.751.657
Veltureikningar - Íslandsbanki hf. ....	2.599.301	155.295
Gjaldeyrisreikningar - Íslandsbanki hf. ....	872.032	848.371
Veltureikningar - Arion banki hf. ....	26.002	85.407.882
Sjóður .....	25.500	165.000
	<u>993.337.041</u>	<u>371.319.181</u>

### 16. Eigið fé

	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	253.560.460	12.717.602.062	12.971.162.522
Endurmat fastafjármuna .....	4.524.579	0	4.524.579
Tekjur umfram gjöld .....	0	543.110.646	543.110.646
Eigið fé 1.1.2022 .....	258.085.039	13.260.712.708	13.518.797.747
Endurmat fastafjármuna .....	242.956.786	0	242.956.786
Gjöld umfram tekjur .....	0	(9.402.449)	(9.402.449)
Eigið fé 31.12.2022 .....	<u>501.041.825</u>	<u>13.251.310.259</u>	<u>13.752.352.084</u>

## Skýringar

### 17. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	31.12.2022	31.12.2021
Staða í ársbyrjun .....	237.048.227	211.439.415
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu .....	(302.343.004)	(74.368.781)
Breytingar á skuldbindingu vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts .....	109.120.892	99.977.593
Staða í árslok .....	<u>43.826.115</u>	<u>237.048.227</u>

Félagið fór í þá vegferð á árinu að færa verðbréfacign sína að öllu leyti yfir til Landsbankans. Við þessar breytingar seldi félagið verðbréfacign sína í Íslandsbanka og Íslensku verðbréfum að fullu ásamt stórum hluta verðbréfasafns síns í Arion banka. Félagið mun klára þessa vegferð á árinu 2023 og verður þá verðbréfasafn þess alfarið hjá Landsbankanum. Vegna þessa breytinga kom til greiðslu reiknaður fjármagnstekjuskattur að stórum hluta og þar með lækkar skuldbinding reiknaðs fjármagnstekjuskatts úr 237 milljónum niður í 44 milljónir.

### 18. Aðrar peningalegar skuldir

#### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Ógreiddur rekstrarkostnaður .....	154.098.546	173.825.750
	<u>154.098.546</u>	<u>173.825.750</u>

### 19. Samþykki samstæðuársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 24. apríl 2023.

# Efling - stéttarfélag

Samandreginn samstæðureikningur

## 2022

Efling-stéttarfélag  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík  
kt. 701298-2259

---

Samandreginn rekstrarreikningur árið 2022

	Félags- sjóður	Sjúkra- sjóður	Orlofs- sjóður	Vinnu- delu- sjóður	Fræðslu- sjóður	Endur- hæfingar- sjóður	Styrktar- sjóður	Milli- færslur	Samstæða 31.12.2022	Samstæða 31.12.2021
<b>Rekstrarreikjur</b>										
Lögjöld	762.420.603	1.185.351.918	380.361.457	160.263.447	64.105.378	20.000.000	68.864.490	2.641.367.293	2.430.019.099	
Leiða á orlofsfúsam	0	0	72.884.680	0	0	0	0	72.884.680	73.866.031	
Aðrar tekjur	0	21.120.547	0	0	0	41.664.347	0	62.784.894	126.399.974	
	762.420.603	1.206.472.465	453.246.137	160.263.447	64.105.378	61.664.347	68.864.490	2.777.036.867	2.630.285.104	
<b>Rekstrargjöld</b>										
Lögjöld og skattar	160.595.320	0	0	0	0	0	0	160.595.320	132.464.495	
Bætur og styrkir	6.747.830	1.359.165.521	0	0	0	0	47.151.791	1.413.065.142	975.749.529	
Rekstur orlofsfúsas	0	0	163.201.324	0	0	0	0	163.201.324	148.612.225	
Aðrar kostnaður orlofsfúsas	0	0	8.338.441	0	0	0	0	8.338.441	6.778.086	
Námskeið félagsmanna	0	0	0	0	5.684.632	0	0	5.684.632	6.479.345	
Kjynnngar og markaðsmál	5.613.053	2.698.584	9.482.143	323.830	1.215.770	0	215.887	19.549.267	64.066.405	
Fundur, útgáfa og ferðir félagsmanna	32.738.986	0	94.291	0	203.007	0	0	33.036.284	22.595.192	
Kostnaður v/kiðrannsóknar	0	0	0	12.496.195	0	0	0	12.496.195	638.600	
Skranngarþjónusta íögjalda	43.896.188	45.713.628	17.945.833	0	467.811	97.172	332.804	108.453.436	93.612.846	
Láun og launategjöld	426.532.371	18.881.655	43.415.282	0	32.145.489	21.175.883	0	542.170.680	692.828.346	
Aðrar rekstrarreikjur	143.622.008	74.683.203	39.418.350	8.693.932	11.324.156	60.000	4.334.921	282.136.570	223.193.285	
Afskriftir fastafjáranna	21.213.517	20.039.070	1.965.126	0	0	176.752	0	43.394.465	54.566.525	
	840.979.273	1.521.181.661	283.860.790	21.513.957	51.040.865	21.509.807	52.035.403	2.792.121.756	2.421.584.879	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>										
	(78.558.670)	(314.709.196)	169.385.347	138.749.490	13.064.513	40.154.540	16.829.087	(15.084.889)	208.700.225	
<b>Fjármagnsliðir</b>										
Vaxtarekjur af bankanstræðum og félagsgjöldum	108.007.250	159.242.641	31.176.650	85.497.433	16.346.824	0	8.707.678	408.978.476	183.181.736	
Vextir og gengissmunur af verðbréfacign	(42.476.316)	(177.214.776)	(921.192)	(61.886.908)	(1.708.546)	0	0	(284.207.788)	255.066.922	
Önnur vaxtagjöld	(1.885.754)	(3.681.186)	(3.957.883)	(42.443)	(18.140)	0	0	(9.967.406)	(3.860.644)	
Fjármagnsreikjuskattur	(33.964.510)	(44.964.665)	(9.796.580)	(16.981.795)	(1.497.653)	0	(1.915.689)	(109.120.892)	(99.977.593)	
	29.680.670	(66.617.986)	16.500.995	6.204.287	13.122.485	0	6.791.989	5.682.440	33.410.421	
<b>Gjöld umfram tekjur</b>										
	(48.878.000)	(381.327.182)	185.886.342	144.953.777	26.186.998	40.154.540	23.621.076	(9.402.449)	543.110.646	

Samandregin efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Félags- sjóður	Sjúkra- sjóður	Orlofs- sjóður	Vinnudeil- sjóður	Fræðslu- sjóður	Endur- hæfingar- sjóður	Styrktar- sjóður	Milli- færslur	Samstæða 31.12.2022	Samstæða 31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>										
Orlofsbús.....	0	0	2.063.969,704	0	0	0	0	0	2.063.969,704	1.614.304,533
Fasteignir, lóðir og fasteignarettindl.....	61.758.036	339.376,101	0	0	0	0	0	0	401.134,137	408.378,496
Innréttingar og áhald.....	48.301,623	33.145,709	6.316,160	0	0	0	0	0	87.763,492	93.546,337
Skuldbrétaeign og verðbrétaþjófir.....	1.140.858,480	2.670.176,775	0	1.097.220,276	0	0	0	0	4.908.255,531	5.652.459,844
Bundnar innströður.....	495.621,457	2.268.244,509	262.215,578	1.799.108,186	190.457,339	0	148.449,927	0	5.164.096,996	5.315.591,191
	1.746.539,596	5.310.943,094	2.332.501,442	2.896.328,462	190.457,339	0	148.449,927	0	12.625.219,860	13.084.280,401
<b>Veltufjármunir</b>										
Útstandandi iðgjöld .....	88.948,150	111.767,862	33.667,645	0	0	0	0	0	234.383,657	440.717,769
Vörskiptafraktóflur og aðrar skammfraktóflur.....	7.484,978	78,280	5.493,663	0	84.279,266	0	0	0	97.336,187	33.354,374
Vörskiptarekningar sjóða.....	200.859,349	127.566,592	0	216.782,694	104,450	0	34.114,296	(579,427,381)	0	0
Handbært fé .....	573.209,180	125.476,261	168.767,581	7.107,822	102.594,448	0	16.181,749	0	993.337,041	371.319,181
	870.501,657	364.888,995	207.928,889	223.890,516	186,978,164	0	50.296,045	(579,427,381)	1.325,056,885	845.391,324
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.617.041,253</b>	<b>5.675.832,089</b>	<b>2.540.430,331</b>	<b>3.120.218,978</b>	<b>377.435,503</b>	<b>0</b>	<b>198.745,972</b>	<b>(579,427,381)</b>	<b>13.950.276,745</b>	<b>13.929,671,724</b>

Samandreginn efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Félags- sjóður	Sjúkra- sjóður	Orlofs- sjóður	Vinnudeilu- sjóður	Fræðslu- sjóður	Endur- hæfingar- sjóður	Styrktar- sjóður	Eflingar	Milli- færslur	Samstæða 31.12.2022	Samstæða 31.12.2021
<b>Eigið fé og skuldir</b>											
<b>Eigið fé</b>											
Serstatgur endurnáttursreikningur.....	0	0	501.041,825	0	0	0	0	0	0	501.041,825	258.085,039
Óráðstafað eigið fé .....	2.254.739,884	5.565.993,934	1.919.318,766	3.106,925,324	230.257,474	0	174.074,877	0	13.251.310,259	13.260.712,708	
	2.254.739,884	5.565.993,934	2.420.360,591	3.106,925,324	230.257,474	0	174.074,877	0	13.752.352,084	13.518.797,747	
<b>Skuldbindingar</b>											
Reiknaður frámagnstekjuskattur.....	7.399,815	25.433,495	0	10.992,805	0	0	0	0	0	43.826,115	237.048,227
	7.399,815	25.433,495	0	10.992,805	0	0	0	0	0	43.826,115	237.048,227
<b>Skammtimaskuldir</b>											
Ógreiddur reklartrarkostnaður.....	84.020,185	50.290,364	18.115,101	66,731	1.606,165	0	0	0	154.098,546	173.825,750	
Vilðisþaraleikningar sjóða .....	270.881,369	34.114,296	101.954,639	2.234,118	1.45.571,864	0	24.671,095	(579.427,381)	0	0	
	354.901,554	84.404,660	120.069,740	2.300,849	147.178,029	0	24.671,095	(579.427,381)	154.098,546	173.825,750	
	362.301,369	109.838,155	120.069,740	13.293,654	147.178,029	0	24.671,095	(579.427,381)	197.924,661	410.873,977	
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>											
	2.617.041,253	5.675.832,089	2.540.430,331	3.120.218,978	377.435,503	0	198.745,972	(579.427,381)	13.950.276,745	13.929.671,724	

## Stjórn Eflingar - stéttarfélags frá aðalfundi 2022 til aðalfundar 2023

**Formaður:**

Sólveig Anna Jónsdóttir

**Varaformaður:**

Agnieszka Ewa Ziolkowska

**Ritari:**

Ólöf Helga Adolfsdóttir

**Gjaldkeri:**

Ísak Jónsson

**Meðstjórnendur:**

Guðbjörg María Jósefsdóttir

Innocentia F. Friðgeirsdóttir

Kolbrún Valvesdóttir

Michael Bragi Whalley

Olga Jónsdóttir

Saviour De-Graft Ametefio

Stefán E. Sigurðsson

Sæþór Benjamín Randalsson

Úlfar Snæbjörn Magnússon

# Stjórnir sjóða og nefnda Eflingar - stéttarfélags 2022-2023

## Fræðslusjóður

Michael Bragi Whalley, formaður  
Sólveig Anna Jónsdóttir, varaformaður  
Karla Barralaga Ocon  
Innocentia F. Friðgeirsdóttir  
Barbara Maria Sawka

## Varamenn

Ian Phillip McDonald  
Björn Páll Fálki Valsson

## Sjúkrasjóður

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður  
Agnieszka Ewa Ziolkowska, varaformaður  
Olga Leonsdóttir  
Kolbrún Valvesdóttir  
Ragnar Ólason

## Varamenn

Szymon Kulakowski  
Alma Pálmadóttir

## Orlofssjóður

Ólöf Helga Adolfsdóttir, formaður  
Guðbjörg María Jósepsdóttir, varaformaður  
Stéfan E. Sigurðsson  
Reynaldo Curato Renegado  
Mateusz Kowalczyk

## Varamenn

Magdalena Kwiatkowska  
Anna Sigurlína Tómasdóttir

## Vinnudeilusjóður

Sæþór Benjamín Randalsson, formaður  
Úlfar Snæbjörn Magnússon, varaformaður  
Eva Ágústsdóttir  
Andrea Jóhanna Helgadóttir  
Ísak Jónsson

## Varamenn

Valtýr Björn Thors  
Ruth Adjaho Samúelsson